




SAMEYKI

Tímarit Sameykis / 3. tbl. 2021 / sameyki.is



Syngjandi húsgagnasmiður

Hildur Evlalía Unnarsdóttir, teymisstjóri hjá Þjóðleikhúsinu er í viðtali í tímariti Sameykis ásamt Kára Sigurðssyni, aðstoðarforstöðumanni í Félagsmiðstöðinni í Hólmaseli og Önnu Láru Guðnadóttur, verkefnastjóra hjá Sjúkratryggingum Íslands. Við skyggnumst inn í störf þeirra og spyrjum þau út í styttingu vinnuvikunnar.

>> Bls. 12-17

Félagsmenn Sameykis telja jákvætt að vinna heima

Sameyki fékk til samstarfs við sig á vordögum ráðgjafastofuna Ráðhúsið til að kanna á meðal félagsmanna afstöðu þeirra til breyttra aðstæðna á vinnustöðum og áhrif á vinnutilhögun vegna COVID-19.

>> Bls. 6

Bætt mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera

Auðunn Arnórsson, MPA, fjallar um niðurstöður lokaritgerðar sinnar í opinberri stjórnsýslu við HÍ, en hún fjallar um það hvernig bæta má mannauðsstjórnun í opinbera geiranum með rétttri nýtingu könnunarinnar Stofnun ársins.

>> Bls. 20-23

Ábyrgðarmaður
Þórarinn Eyfjörð

Ritstjóri, umbrot og hönnun
Axel Jón Ellenarson

Greinarhöfundar

Auðunn Arnórsson
Brjánn Jónasson
Guðmundur Freyr Sveinsson
Jóhanna Þórdórsdóttir
Lilja Rós Óskarsdóttir
Sólborg Alda Pétursdóttir

Forsíðumynd

Birgir Ísleifur Gunnarsson

Prentun

Prentmet Oddi. Tímarit Sameykis er prentað á umhverfisvænan og svansvottaðan pappír. Einnig er blaðið prentað með svansvottuðum jurtalitum en ekki jarðolíulitum.



Skrifstofa Sameykis

Grettisgata 89 - 105 Reykjavík
Símar: 525 8340 / 525 8330
Netfang: sameyki@sameyki.is
Veffang: sameyki.is
ISSN: 1670-881

EFNISYFIRLIT

- 4 Af vettvangi Sameykis
- 6 Telja jákvætt að vinna heima
- 8 Hagfræði og spuni á trúnaðarmannaráðsfundi
- 10 Stytting vinnuvikunnar gengin í garð
- 12 Syngjandi húsgagnasmiður
- 14 Breiðhýltingur í húð og hár
- 16 Styttingin fær mér nýtt líf
- 18 Streita, alvarlegur vandi á vinnustöðum
- 20 Bætt mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera
- 23 „Ætla að leyfa mér að vera bjartsýnn“
- 24 Skýrsla um endurmat á störfum kvenna
- 26 Gott að vita námskeið
- 30 Mikið uppbyggingarstarf hjá Bjargi
- 32 Raunfærnimat í atvinnulífinu
- 34 Sjötíu heilbrigðisgagnafærðingar útskrifast
- 36 Af vettvangi Sameykis
- 38 Krossgátan

Að loknum kosningum

Nú hefur íslenska þjóðin enn á ný kosið sér fulltrúa á Alþingi. Með atkvæði sínu eru kjósendur að sýna í verki að þeir treysta á stefnu-mið tiltekinna stjórnmalaflokka og á orð þeirra frambjóðenda sem þar eru í forystu. Eins og dæmin sanna þá getur verið tvísýnt um, og jafnvel verið undir hælinn lagt, hvort að stjórnmalaflokkur komi heitstrengingum sínum í framkvæmd. Jafnvel er hægt á stundum að efast um að flokkarnir hafi nokkurn vilja til að vinna að því sem lofað var í kosninga-baráttunni. En af hverju er ég að draga þetta fram? Jú, vegna þess að þó að við getum ekki kosið okkur Alþingi nema á fjögurra ára fresti, þá getum greitt atkvæði um það hvern einasta dag hvort við kjósum að bæta samfélag okkar.

Eða ekki.

Í samræðum á vinnustað, í uppeldi barnanna okkar, mótmælastöðu á Austurvelli, þátttöku í kórastarfi, tillitssemi í umferðinni, miðakaupum í dansskóla með makanum, í hlutverki trúnað-armanna á vinnustöðum, þegar við kaupum happdrættismiða af Blindrafélaginu eða björgunarsveitinni, þá erum við bæði í kosningabaráttu og að kjósa. Svo ekki sé nú talað um virka þátttöku í stéttarfélagi og verkefnum þeirra. Með framgöngu okkar og orðræðu erum við að tala fyrir betra lífi, sanngjarni dreifingu auðæfa, hjálpssemi, samkennd og sam-vinnu. Og því að enginn sé skilinn eftir í hjálparleysi.

Á aðalfundi Sameykis síðastliðið vor samþykktu félagsmenn meðal annars ályktanir sem snúa að auðlindum í þjóðareigu og þeirri kröfu að eignaréttur

þjóðarinnar verði tryggður til heilla fyrir allan almenning, en ekki til auðsöfnunar fárra. Þar var einnig fjallað um spillingu og misbeitingu valds í þágu einkahags-muna. Þar var einmitt bent á rannsóknir sem sýna að spillingin á Íslandi þrífst helst í kringum auðlindir þjóðarinnar og stjórnmalin í landinu. Einnig var á aðalfundinum rætt um nauðsyn þess að stjórnvöld og atvinnurekendur horfist í augu við skakkt verðmætamat sam-félagsins á kvennastörfum og að gripið verði til aðgerða til að útrýma misréttinu sem af því hlýst. Og í umræðunni um umhverfismál og réttlát orkuskipti leggur Sameyki áherslu á að stjórnvöld verði við þeirri kröfu verkalýðshreyfingarinnar að saman verði unnið að stefnu um réttlát orkuskipti hér á landi í þríhliða samstarfi stjórnvalda, verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda.

Kosningabaráttan um jafnrétti, sanngirni og jöfnuð mun halda áfram þó að kosningum til Alþingis sé nú lokið. Baráttan fyrir hagsmunum almennings heldur áfram og í allri framgöngu okkar þá erum við að greiða því atkvæði í hvers konar samfélagi við viljum lifa.

Kjósum því rétti!



Þórarinn Eyfjörð
Formaður Sameykis



VETRARLEIGA Í ORLOFSHÚSUM OG ORLOFSÍBÚÐUM SAMEYKIS

Tímabil vetrarleigu á orlofshúsum og íbúðum Sameykis innanlands er frá lokum ágúst mánaðar og til loka maí mánaðar ár hvert.

Opið er fyrir bókanir innanlands fimm mánuði fram í tímann, að undanskildum páskum og sumri, sem er ávallt úthlutað sérstaklega.

Fyrsta virka dag í mánuði bætist við nýr mánuður og er þá opnað fyrir bókanir fyrir félagsmenn þann dag á orlofsvef Sameykis kl. 9:00.

Orlofshús á Spáni

Opið er fyrir bókanir á orlofshúsum og íbúðum Spáni sex mánuði fram í tímann, að undanskildum páskum og sumri sem er úthlutað sérstaklega. Eins og með úthlutunarreglur innanlands gildir það sama; fyrsta virka daginn í mánuði bætist við nýr mánuður og er þá opnað fyrir bókanir fyrir félagsmenn þann dag á orlofsvef Sameykis kl. 9:00.

Polendur hika við að leita sér aðstoðar

Mikilvægt er að bæta þekkingu á vinnustöðum, bæði hjá starfsfólki og yfirmönnum, á kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustöðum svo hægt sé að vinna markvisst að forvörnum og bregðast rétt við ef atvik koma upp. Allt of algengt er að þolendur kynferðislegrar áreitni og ofbeldis á vinnustöðum hiki við að leita sér aðstoðar.

Það er grundvallaratriði að starfsfólk upplifi öryggi á vinnustað og á viðburðum tengdum vinnunni enda á launafólk skilyrðislausan rétt á að búa við gagnkvæma virðingu í samskiptum við yfirmenn, samstarfsfólk og viðskiptavinum eða notendur þjónustu á vinnustaðnum.

Starfsfólk njóti skilyrðislausrar verndar

Starfsfólk á rétt á því að njóta skilyrðislausrar verndar fyrir kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi og ef brotið er gegn þeim rétti á það að geta leitað til síns yfirmanns til að fá úrlausn sinna mála. Vinnustaðir þurfa að móta sér verkferla til að taka á slíkum málum og setja þá í gang þegar upp koma tilvik sem kvartað er yfir. Beri kvartanir til yfirmanns ekki árangur getur starfsfólkið leitað til síns stéttarfélags sem í framhaldinu aðstoðar viðkomandi við að leita réttar síns.

Bæði einstaklingar og vinnustaðir geta glímt við ýmiskonar afleiðingar af áreitni og ofbeldi. Einstaklingarnir geta upplifað verri heilsu, streitu, þunglyndi, niðurlægingu og pírting, auk þess sem áreitnin og ofbeldið geta haft í för með sér tekjutap fyrir þolendurna.



Atvinnurekendur ber einnig að bregðast hratt við kvörtunum og tryggja góða líðan þess sem kvartar, hvort sem athugun leiðir í ljós að um áreiti hafi verið að ræða eða ekki.

Atvinnurekendur ber skylda til að vernda starfsfólk sitt. Þegar kemur að kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi eru lögin afar skýr. Atvinnurekendur ber skylda til að vernda starfsfólk fyrir áreitni, hvort sem er af völdum samstarfsfólks, yfirmanna eða utanaðkomandi aðila, svo sem viðskiptavina eða þeirra sem þiggja þjónustu af hendi starfsfólks. Atvinnurekendur ber einnig að bregðast hratt við kvörtunum og tryggja góða líðan þess sem kvartar, hvort sem athugun leiðir í ljós að um áreiti hafi verið að ræða eða ekki.

BSRB, ASÍ, BHM, KÍ, Jafnréttisráð og Jafnréttisstofa hafa gefið út bækling þar sem farið er yfir ýmis atriði tengt kynbundinni og kynferðislegri áreitni og ofbeldi á vinnustöðum. Hægt er að sækja bæklinginn rafrænt á íslensku, ensku og pólsku á vefum sambandanna og á skrifstofu Sameykis. ■

Opinberir starfsmenn ánægðir með styttingu vinnuvikunnar

Í könnun sem Fréttablaðið lét gera um styttingu vinnuvikunnar kom fram að 64 prósent starfsfólks á opinbera markaðnum er ánægð með styttingu vinnuvikunnar. Í könnuninni kom einnig fram að konur eru ánægðari með styttinguna en karlar.

Á almenna markaðnum ríkir meiri óánægja heldur en á opinbera markaðnum með styttinguna. Í viðtali við Fréttablaðið sagði Halldóra Sveinsdóttir hjá Starfsgreina-sambandinu skýringuna vera þá að semja þurfi sérstaklega við vinnuveitendur um styttingu vinnuvikunnar; „Styttingin kemur

ekki sjálfkrafa inn eins og hjá starfsfólki hins opinbera,“ sagði hún í samtali við blaðið.

Sameyki stéttarfélag í almannaðjónustu og samböndin tóku höndum saman þegar samið var um styttingu vinnuvikunnar á opinbera markaðnum. Þá tókst að semja um styttingu vinnuvikunnar allt niður í 36 klukkustundir á viku. Samningunum var svo fylgt fast eftir inn á stofnunum og vinnustöðum ríkis og sveitarfélaga. Útfærslan um hvernig innleiða ætti styttingu vinnuvikunnar fyrir launafólk var fast mótuð. Þessu var ólíkt farið á almenna mark-

aðnum þar sem aðferðafræðin er önnur og sjálfvirknivæðing í innleiðingu og lengd styttingu vinnuvikunnar var og er með öðrum hætti.

Þá kom einnig fram í könnuninni að almenni markaðurinn er á eftir í þeirri kerfisbreytingu sem nú hefur orðið með styttingu vinnuvikunnar og launafólk á almenna markaðnum vill nú semja við sína vinnuveitendur og þannig fylgja með í þeim kerfisbreytingum sem orðið hafa hjá launafólki á opinbera markaðnum um styttingu vinnuvikunnar. ■

Ný orlofshús Munaðarnesi

Sameyki hefur nú lokið að við byggingu á þremur nýjum orlofshúsum á orlofssvæðinu í Munaðarnesi. Húsin standa við Eyrarhlíð 30, 33 og 34 á fögnum stað í orlofslandinu. Húsin voru byggð á grunni eldri húsa sem voru fjarlægð og eru vel útbúin með heitum potti, gasgrilli, tveimur hjónaherbergjum með góðum rúmum í stærðinni 160x200 sm, og einu kojuherbergi með efri og neðri koju.

Þessi nýju hús í eigu félagsins eru 90 m² að stærð og eru útbúin öllum venjulegum húsbúnaði, líkt og önnur hús Sameykis á svæðinu. Áætlað er að húsin fari í leigu til félaga Sameykis í byrjun október á orlofsvef Sameykis. ■



Félagar í Lífeyrisdeild Sameykis skoða Snorralaus í Reykholti í haustferð um Borgarfjarðardal.

Vertu með í Lífeyrisdeildinni

Við hjá Sameyki hvetjum fólk sem er að láta af störfum að skrá sig í Lífeyrisdeild Sameykis. Þar er mikið um að vera og má nefna reglulega fundi, haustferðir, gönguhópa, þorablót, fræðslufundi o.fl.

Athugið að nauðsynlegt er að skrá sig í lífeyrisdeildina þegar fólk hættir störfum. Það gerist ekki sjálfkrafa. Hægt er að skrá sig á vef Sameykis undir lífeyrisdeild eða hafa samband við skrifstofu á sameyki@sameyki.is eða í síma 525 8330. Þeir félagar sem áður voru skráðir í lífeyrisdeild SFR eða eftirlaunadeild St.Rv. eru sjálfkrafa félagar í lífeyrisdeild Sameykis. ■

Varða hlaut styrk úr Jafnréttissjóði í sumar

Úthlutun úr Jafnréttissjóði Íslands fór fram við hátíðlega athöfn í Hörpu í sumar og hlaut Varða – rannsóknarstofnun vinnu- markaðarins styrk úr Jafnréttissjóði til að framkvæma rannsókn á upplifunum og reynslu ungra kvenna á aldrinum 16-24 ára af erlendum uppruna sem eru hvorki í námi né atvinnu.

Um er að ræða rannsóknarverkefni sem tengist megindegri rannsókn Vörðu um stöðu ungmenna af erlendum uppruna sem standa utan vinnu- markaðar og náms sem hefur hlotið styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála. Rannsóknin byggir á frásögnum um upplifunum ungra kvenna sem líklegri eru til að stunda hvorki atvinnu né nám en aðrir félagshópar í íslensku samfélagi og því mikilvægt að skoða stöðu þeirra og upplifun nánar. ■

Nýr starfsmaður á skrifstofu Sameykis

Þorsteinn Skúli Sveinsson hefur verið ráðinn lögfræðingur hjá Sameyki. Hann útskrifaðist sem lögfræðingur frá Háskólanum í Reykjavík árið 2014. Áður starfaði hann sem sérfræðingur á kjaramálasviði VR frá árinu 2011.



Þorsteinn Skúli tekur við nýrri stöðu lögfræðings hjá Sameyki í kjaraeild félagsins.

Þorsteinn Skúli er fæddur í Hafnarfirði og býr hann þar ásamt konu sinni Lilju Hrönn Gunnarsdóttur og börnum þeirra tveimur, Ingva Brynjari 7 ára og Sólheiði Örne 1 árs. ■



Niðurstöður úr könnuninni af þessum sex spurningum er afgerandi jákvætt eða mjög jákvætt til þess að geta unnið heima og á það jafnt við eftir kyni.

Félagsmenn Sameykis telja jákvætt að vinna heima

Eftir Axel Jón Ellenarson

Sameyki fékk til samstarfs við sig á vordögum ráðgjafastofuna Ráðhúsið til að kanna á meðal félagsmanna viðhorf til ýmissa breytinga sem urðu þegar faraldurinn skall á. Könnunin var framkvæmd með því að senda tölvupóst til félagsmanna og þeir beðnir um svara 29 spurningum um afstöðu þeirra til breyttra aðstæðna á vinnustöðum og áhrif á vinnutilhögun vegna COVID-19. Faraldurinn hefur kannski breytt því til frambúðar hvort val stendur um að vinna heima eða ekki. Ljóst er að erfitt getur verið að flytja vinnuaðstöðuna heim og í sumum tilfellum situr starfsfólk lengur við verkefni heima en á vinnustaðnum. 3.161 félagsmenn í Sameyki svöruðu könnuninni sem framkvæmd var í aprílmánuði sl.


Í þessari fyrstu grein af þremur þar sem kannað verður viðhorf félaga Sameykis til fleiri þátta eins og heilsuvernd, er fjallað um viðhorf félagsmanna til þess að vinna heima.

Niðurstöður sýna á afgerandi hátt að fólk telur það jákvætt eða mjög jákvætt að vinna heima.

Spurt var m.a. í könnunni:


1. Hefur þú vegna COVID-19 faraldursins stundað vinnu þína heima hjá þér?
2. Hafðir þú val um að stunda vinnu þína heima eða á vinnustaðnum?
3. Hve lengi hefurðu stundað vinnu heima hjá þér fyrir vinnustaðinn þinn?
4. Hve stórt hlutfall vinnu fyrir vinnustaðinn þinn hefur þú stundað með heimavinnu?
5. Hvaða fyrirkomulag ríkir á vinnustaðnum þínum um fjölda daga sem unnið er heima?
6. Telur þú vera jákætt eða neikvætt að vinna heima?

1. Hefur þú, vegna Covid-19 faraldursins, stundað vinnu þína heima hjá þér?




Þegar spurt er um hvort viðkomandi hafi unnið heima vegna Covid-19 faraldursins kemur í ljós að tæplega 4 af hverjum 10 hafa gert það. Nær enginn munur er á hlutföllum kynja þegar kemur að vinnu heima vegna faraldursins. Hlutföll aldursflokka þeirra sem segjast hafa stundað vinnu heima vegna Covid-19 aðstæðna eru nær jafndreifðir, sem telja verður jákvætt með hliðsjón af tölfræðilegri marktekt niðurstaðna. Félagsmenn á miðjum aldri hafa helst stundað vinnu heima við þessar aðstæður og margar ástæður geta legið að baki því.

2. Hafðir þú val um að stunda vinnu þína heima eða á vinnustaðnum?



Meðal þeirra sem störfuðu heima á meðan Covid-19 faraldurinn geisaði sem hæst höfðu nær tveir þriðju aðspurðra ekki val um að vinna heima eða á vinnustað. Meðal þeirra sem störfuðu heima á þessum tíma hafði ríflega þriðjungur aðspurðra að einhverju eða fullu leyti val um þetta. Gera má ráð fyrir að meðal þessara rúmlega 60% sem höfðu ekki val og unnu heima hafi aðrir þættir en starf eða tegund vinnu haft áhrif á ákvörðun stjórnenda.


3. Hve lengi hefurðu stundað vinnu heima hjá þér fyrir vinnustaðinn þinn?



Þegar lítið er til þess tíma sem félagsmenn sem voru að starfa heima á meðan Covid-19 geisaði kemur í ljós að það sýnir nokkuð jafna og hefðbundna normaldreifingu eftir mánuðum sem í þessu tilfelli er viðbúið. Konur hafa unnið heima ögn lengur en karlar en líklegt má telja að það sé sök-


um tegundar starfs frekar en kynferðis þar sem munur milli hópanna er lítill og jafndreifður.

4. Hve stórt hlutfall vinnu fyrir vinnustaðinn þinn hefur þú stundað með heimavinnu?




Meirihluti svarenda sem var að vinna heima á meðan Covid-19 geisaði sem hæst á Íslandi og heilbrigðisyrföld kynntu reglulega takmarkanir hvað samskipti varðar önnuðust 2/3 hlutar starf sitt heima. Líklegt má telja að tegund starfs hafi markað þetta að miklu leyti en þetta sýnir að við þessar óvæntu aðstæður gæti það reynst snúið á mörgum vinnustöðum að sinna störfum á fullnægjandi á hátt.

5. Hvaða fyrirkomulag ríkir á vinnustað þínum um fjölda daga sem unnið er heima?



Mynd við spurningu nr. 5 sýnir að á meðan um þriðjungur félagsmanna starfaði fimm daga vikunnar heima segir nær helmingur það hafa verið mjög breytilegt frá viku til viku hvað marga daga unnið var heima. Það bendir til þess að þurft hafi umtalsverðan sveigjanleika til að annast starfið, hvort sem það var unnið heima eða á vinnustað. Þá vekur athygli að um 20% svarenda telja að skipulag vinnutíma hafi mestu um ráðið.

6. Telur þú það vera jákvætt eða neikvætt að vinna heima?



Félagsmenn Sameykis sýna með ákveðnum hætti í svörum sínum að þeir telja ýmist mjög jákvætt eða jákvætt að vinna heima. Ástæður þessa viðhorfs geta verið margvíslegar. Í ljósi þess hve víða atvinnulíf var og er að fást við erfiðar aðstæður og afleiðingar Covid-19 faraldursins er jákvætt viðhorf félagsmanna augljóslega til staðar við úrlausn vandans. ■



„Grunnurinn í spuna er eins og handritalaust leikrit eða bara eins og lífið sjálft. Spunaleikarar þurfa samt að vera sérfræðingar í samskiptum,“ sagði Dóra Jóhannsdóttir á trúnaðarmannaráðsfundi Sameykis.

Hagfræði og spuni á trúnaðarmannaráðsfundi

Eftir Axel Jón Ellenarson
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Trúnaðarmannaráðsfundur hjá Sameyki fór fram í Gullhömrum 14. september sl. Á dagskrá fundarins var fræðsluerindi sem Jóhanna Þórdórsdóttir fræðslustjóri Sameykis sá um. Að því loknu var erindi Gylfa Magnússonar, prófessors og forseta viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands um efnahagslífið í og eftir COVID-19. Dóra Jóhannsdóttir fjallaði í líflegum fyrirlestri um lífið sem spuna – það er ekkert handrit. Fundinum lauk svo með kosningu í fulltrúaráð félagsins.

Í upphafi fundar bauð Þórarinn Eyfjörð, formaður Sameykis, fundargesti velkomna og lýsti ánægju sinni yfir því að geta komið saman aftur eftir langt hlé. Fór hann yfir stöðu mála hjá þeim stofnunum sem illa hefur gengið að innleiða styttingu vinnuvikunnar í vaktavinnu og framvindu í þeim málum. Þá sagði hann frá skýrslu um endurmat á störfum kvenna og kynnti fyrir fundargestum hugtak um jafnvirði



Létt var yfir Þórarni Eyfjörð, formanni Sameykis og Gylfa Magnússyni á trúnaðarmannaráðsfundinum.



Jóhanna Þórdórsdóttir, fræðslustjóri Sameykis fræddi fundargesti um námskeið og fræðslu sem í boði er hjá Sameyki.



Dóra Jóhannsdóttir, fyrirlsari og spunaleikkona hélt líflegt og skemmtilegt erindi á fundinum.



Fundargestir fylgdust með erindi fundarins af áhuga.



Trúnaðarmenn Sameykis spjalla í kaffihléi.

“

Gylfi Magnússon ræddi við fundargesti um efnahagslífið í faraldri fyrir og eftir hrun. Kom fram í máli hans að horfurnar í efnahagslífinu eftir COVID-19 eru alls ekki svo slæmar að hans mati ...

starfa á vinnumarkaði. Skýrslan er unnin af starfshópi forsætisráðherra um endurmat á störfum kvenna og hefur verið lögð fram til opins samráðs í Samráðsgátt stjórnvalda.

Skemmtileg fræðsluerindi

Þar á eftir var fræðsluerindi Jóhönnu Þórdórsdóttur um tækifærin sem í boði eru fyrir trúnaðarmenn til að efla færni sína í leik og starfi. Beindi hún máli sínu til fundargesta um að tileinka sér

hugarfar grósku og framtíðarhæfni og hvernig hægt sé að tileinka sér færni eins og gagnrýna hugsun og lausnamiðaða nálgun á verkefnum. Jóhanna benti á að góður trúnaðarmaður þarf að vera ýmsum góðum kostum gæddur til að geta sinnt þeim verkefnum sem upp geta komið á vinnustaðnum auk þess að vera meðvitaður um hvað er í verkfærakassanum hjá Sameyki til að leysa málin.

Gylfi Magnússon ræddi við fundargesti um efnahagslífið í faraldri fyrir og eftir hrun. Kom fram í máli hans að horfurnar í efnahagslífinu eftir COVID-19 eru alls ekki svo slæmar að hans mati, sagðist hann ætla að leyfa sér að vera nokkuð bjartsýnn á framtíðina. Sló prófessorinn á létta strengi í máli sínu og uppskar hlátur fundargesta.

Dóra Jóhannsdóttir sté upp og talaði um spuna í lífi og starfi og hvernig fólk getur nýtt sér hann. Dóra þurfti á fundinum að sýna fundargestum í raun hvernig spuninn tekur við þegar hið óvænta gerðist að tæknin brást og hún þurfti að spinna sig áfram og túlka samtölin þegar hljóð virkaði ekki með myndbandi sem hún var að sýna. Sannarlega bráðskemmtilegt og gefandi erindi sem gestir kunnu vel að meta og hlógu með henni allan fyrirlesturinn. Formaður Sameykis þakkaði Dóru fyrir frábæran fyrirlestur og kvað gott að sjá kærleikann sem þar skini í gegn.

Að lokum kynnti Þórarinn Eyfjörð lista uppstillinganefndar í fulltrúaráð þar sem sjálfkjörnir eru 23 fulltrúar og þá 90 fulltrúa sem buðu sig fram. Fulltrúaráðslistinn var samþykktur og fundi slitið. ■



Stytting vinnuvikunnar gengin í garð

Eftir Guðmundu Frey Sveinsson

Í aðdraganda síðustu kjarasamninga haustið 2018 ríkti gríðarleg samstaða meðal samninganefnda páverandi félaga SFR og St.Rv. um að stytting vinnuvikunnar væri eitt helsta baráttumál félaganna. Auk þess voru félagar innan annarra stéttarfélaganna BSRB á sama máli og úr varð að allir lögðust á eitt að ná þeim markmiðum í gegn. Eftir um 30 mánaða þrautagöngu við samningaborðið tókust að lokum samningar í skugga upphafs Covid tíma á Íslandi, þ.e. í febrúar og mars 2020, um umfangsmestu breytingar á vinnutíma starfsmanna frá því á 8. áratug síðustu aldar. Markmið samninganna var að færa fjölda vinnustunda úr 40 stundum á viku í 36 með undangengnu samráði og umbótaferlum á hverjum vinnustað fyrir sig. Síðasti vetur var að því leytir undirlagður af þessari vinnu en innleiðing styttri vinnuviku dagvinnufólks var áætluð 1. janúar 2021 og vaktavinnufólks 1. maí 2021.

Flestar stofnanir ríkis og Reykjavíkurborgar stytta í 36 klst.

Varðandi dagvinnuna var gert ráð fyrir umbótaferli á hverjum vinnustað fyrir sig þar sem stjórnendur og starfsmenn skipuðu vinnutímanefndir sem fylgdu ákveðnu ferli við vinnuna sem gefið var út af sérstakri verkefnastjórn sem aðilar samninganna höfðu skipað. Í því ferli var lögð rík áhersla á þátttöku

allra starfsmanna. Kjarasviðið skipulagði að því tilefni námskeið fyrir trúnaðarmenn til að kynna ferlið en samkvæmt því áttu tillögur um styttingu að vera útfærðar á hverjum vinnustað og kosið um þær þannig að niðurstöður lægju fyrir 1. október. Í ljós kom að vinnustaðir náðu sjaldnast að standa við þá áætlun og reyndi því töluvert á félagið og trúnaðarmenn að þrýsta ferlinu áfram með það að markmiði að innleiðing styttingar tækist 1. janúar. Þegar fór að líða nær áramótum fóru jákvæðar fréttir að berast og reyndin varð sú að langflestar stofnanir ríkis og Reykjavíkurborgar náðu að stytta vinnuvikuna niður í 36 klst. en því miður bárust fréttir til BSRB af lakara gengi meðal stofnana á vegum nokkurra sveitarfélaga víðsvegar um landið

Störf í vaktavinnu verði eftirsóknarverðari

Varðandi vaktavinnuhópinn þá var staðan öðruvísi að því leytir að ekki þurfti að ná sérstöku samkomulagi á hverjum vinnustað fyrir sig heldur tóku gildi umfangsmiklar breytingar á heildarmynd kjarasamninga þar sem það er tryggt að vinnuvikan fer í 36 klst. og allt niður í 32 klst. fyrir þá sem eru með þyngstu vaktabyrðina. Launamyndun breyttist á sama tíma og tekur nú meira mið af vaktabyrði en áður þar sem vaktalagsflokkum fjölga og greiddur er sérstakur vaktahvati sem tekur mið af fjölda og fjölbreytileika vakta. Stór hluti vaktavinnufólks



“

Markmið kerfisbreytinganna er að stuðla að betri heilsu og öryggi starfsfólks og auka möguleika þess til að samþætta vinnu og einkalíf þannig að störf í vaktavinnu verði eftirsóknarverðari um leið og byggt er undir aukinn stöðugleika í mönnun vaktavinnustaða.

hefur unnið hlutastörf og eru breytingarnar til þess fallnar að auka möguleika þeirra til að vinna hærra starfshlutfall. Markmið kerfisbreytinganna er að stuðla að betri heilsu og öryggi starfsfólks og auka möguleika þess til að samþætta vinnu og einkalíf þannig að störf í vaktavinnu verði eftirsóknarverðari um leið og byggt er undir aukinn stöðugleika í mönnun vaktavinnustaða.

Starfsfólk fái notið ávinnings af styttri vinnutíma

Tíminn framundan mun snúast um eftirfylgni og áframhaldandi formfestu um þær miklu breytingar sem orðið hafa á vinnutíma starfsmanna í opinbera geiranum til að tryggja að öll markmið samninganna nái fram að ganga. Sú vinna sem unnin hefur verið á þessu sviði fór nær öll fram í skugga Covid áhrifa þar sem erfitt var að ná fólki saman vegna sóttvarna og hafði óneitanlega mikil áhrif á framvindu og framgang umbótaferla. Það má því segja að töluverðar vonir séu bundnar við komandi vetur að því leyti að áhrif Covid verði með sem allra minnsta móti og að starfsfólk og vinnustaðir fái að njóta ávinnings styttri vinnutíma til hins ýtrasta.

Allar nánari upplýsingar um styttingu vinnuvikunnar má finna á heimasíðu stýrihóps um verkefnið undir slóðinni betri-vinnutimi.is ■



„Starfið mitt felst aðallega í samskiptum við leikmyndahönnuði og í samstarfi við þá verður leiksviðið til í kringum leiksýninguna.“

Syngjandi húsgagnasmiður

Eftir Axel Jón Ellenarson

Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Það er alltaf gaman að heimsækja Þjóðleikhúsið. Að þessu sinni í þeim tilgangi að hitta Hildi Evlalíu Unnarsdóttur sem er teymisstjóri leikmyndaframleiðslu Þjóðleikhússins og trúnaðarmaður Sameykis á vinnustaðnum. Hún hefur starfað í leikhúsinu frá því 2016 og unir sér vel í starfinu sem er krefjandi, lífandi og skapandi. Bláðamanni lék forvitni á að vita deili á þessu fallega millinafni sem Hildur Evlalía ber. „Nafnið er sjaldgæft og þýðir „sú sem talar fallega“ og er grískt að uppruna. Eigin nafnið mitt kemur úr norrænni goðafræði eins og fólk þekkir. Evlalíu nafnið er frekar algengt í Grikklandi,“ sagði Hildur Evlalía.

Þar sem fjalar leikhússins eru lagðar

Hildur Evlalía er menntuð sem klassískur söngvari og húsgagnasmiður og má því segja að hún hafi mýkt söngraddarinnar og skyn leikarans á umhverfinu, og svo útsjónarsemi og þrótt húsgagnasmiðsins. Hæfileikar sem nýtast eflaust vel í hennar starfi. „Það reynist alveg vel í þessu starfi að hafa í sér leiklistar element og svo aftur þessa praktísku hlið, að vera húsgagnasmiður,“ segir Hildur Evlalía og hlær.

Það má með sanni segja að fjalar leikhússins séu lagðar á smíðaverkstæðinu og gerðar af höndum leikmyndahönnuða og annarra þeirra sem búa til leikhúsið sjálft, Þjóðleikhúsið. Hildur

segir að til að sinna sínu starfi vel þurfi hún að sýna útsjónarsemi, vera lausnamiðuð og oft á tíðum þurfi hún að vinna mjög hratt. Unnið er eftir tímamörkum sem miðast auðvitað við frumsýningardaginn. Og þá þarf allt að vera klárt.

„Starfið mitt felst aðallega í samskiptum við leikmyndahönnuði og í samstarfi við þá verður leiksviðið til í kringum leiksýninguna. Leikmyndahönnuðurnir skila af sér grunnhugmynd og teikningum að leikmynd til mín. Þannig hefst ferlið að nýrri leikmynd sem ég svo kem áfram í framleiðsluferli á smíðaverkstæði hússins; til málara, smíða, skúlptúrista og annarra sem að því koma að skapa nýja leikmynd. Við, teymið mitt og leikmyndahönnuðirnir finnum svo saman lausnir á ýmsum útfærslum og brellum sem oft þarf að útfæra nánar,“ útskýrir Hildur Evlalía.

Alltaf í startholunum

Hvernig hefur gengið að starfa í Þjóðleikhúsinu á þessum skrítnu tímum faraldursins? „Við erum búin að vera að framleiða allan tímann í COVID-19 þrátt fyrir takmarkanir. Við þurftum alltaf að vera tilbúin að hefja sýningu, vera ávallt í startholunum, og svo þegar faraldurinn stöðvaði frumsýningar ítrekað, þá þurftum við að fara nýjar leiðir til að halda lífinu í húsinu. Sem betur fer er Þjóðleikhússtjórinn, Magnús Geir Þórðarson, mjög metnaðarfullur í að finna leiðir til að tengjast fólkinu og í framhaldi af því varð til t.d. sýningin Ljóð fyrir þjóð. Uppsetningin var með einum áhorfanda sem kom í leikhúsið og lesið var upp ljóð. Þjóðin naut svo ljóðalestursins með þessum eina áhorfanda í gegnum Zúmmið. Það var rosalega skemmtilegt verk og var vel tekið af þjóðinni,“ segir Hildur Evlalía.

„Þjóðleikhúsið framleiddi eina heila sýningu í kóvid sem var Vertu úlfur. Hún gengur mjög vel og varð verðlaunasýning. Einnig vorum við með jólasýningu á tröppum leikhússins sem var skemmtileg og vel tekið. Þá vorum við með leikhúsbíl sem ók út um allt og sýndi. Þessi verkefni krefjast þess að búin sé

utan um þau ákveðin umgjörð ásamt því að framleiða leikmyndir í stórum stíl. En annars, þá gat það verið erfitt að fara af stað með sýningu, og þegar allt var tilbúið var hrópað „KÖTT“ af sóttvarnaryfirvöldum. Þannig að við vorum oft að byrja upp á nýtt. Þetta var mjög krefjandi og það var mikilvægt að hugsa vel um starfsfólkið sitt og hvetja fólk áfram á þessum tíma. Núna vorum við að frumsýna Rómeó og Júlíu sem heppnaðist mjög vel og það er léttir að vera loksins farin af stað,“ segir hún.

Stytting vinnuvikunnar vel tekið

Hún segir að ákveðið hafi verið að fara í fulla styttingu vinnuvikunnar í dagvinnu, um fjórar klukkustundir á viku. „Við erum ekki alveg í venjulegri dagvinnu hérna. Vinnuskyldan sem starfsfólkið



„Þjóðleikhúsið framleiddi eina heila sýningu í kóvid sem var Vertu úlfur. Hún gengur mjög vel og varð verðlaunasýning.“

þarf að uppfylla er reiknuð einu sinni í mánuði, en það hefur ákveðið frelsi til að ráðstafa þessum klukkustundum, t.d. hvort það vinnur styttri vinnudag almennt frá átta til fjögur, eða tekur styttinguna einu sinni í viku og hættir þá einn dag á hádegi. Við eigum eftir að koma í gagnið almennilegu eftirliti með þessari styttingu hjá hverjum og einum starfsmanni, en það styttest í það því tekið verður upp nýtt vinnustundakerfi sem heitir Vinnustund. Þá losnum við við Bakvörðinn sem er ævafornt ógagnsætt ríkisbatteri,“ segir Hildur Evlalía og brosir.

Hildur Evlalía segir að þegar stytting vinnuvikunnar var kynnt varð fólk svolítið skelkað því það hélt að það fengi enga kaffitíma né matartíma. Það leiðréttist þegar útskýrt var að fólk myndi alls ekki tapa neysluhlénum sínum þótt það ráðstafaði ekki matartímanum til að sinna einkaerindum utan vinnunnar. „Það tók smá tíma að útskýra þetta. Þegar fólk er að vinna í sýningum, þá er það hvort eð er ekki með forsjá yfir neysluhléinu sínu. Fólk er þá bara að fylgja æfingum og tekur sinn háltíma í neysluhlé í hádeginu eins og verið hefur. Breytingin varð ekki eins mikil og fólk hélt. Breytingin varð til góðs fyrir okkur því það skapaðist meiri tími til að njóta einkalífs,“ sagði Hildur Evlalía að lokum. ■

“

Fólk hefur ákveðið frelsi í að ráðstafa þessum klukkustundum, t.d. hvort það vinnur styttri vinnudag almennt frá átta til fjögur, eða tekur styttinguna einu sinni í viku og hættir þá einn dag á hádegi.

Breiðhyltingur í

Eftir Axel Jón Ellenarson

Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Kári Sigurðsson, aðstoðarforstöðumaður í Félagsmiðstöðinni í Hólmaseli í Breiðholti er félagsmálatröll og brennur fyrir starfi sínu. Hann var trúnaðarmaður áður og var kosinn í stjórn Sameykis í vor sl. Kári hóf að starfa við félagsmiðstöðvarnar í Breiðholti fyrir 14 árum, fyrst í hlutastarfi í Fellahelli og síðan í Félagsmiðstöðinni við Hólmasel frá því 2008 í fullu starfi. Hann segist vera mikill Breiðhyltingur og honum þykir vænt um Breiðholtið. Blaðamaður hitti Kára í Hólmaseli þar sem við settumst út í sólina til að spjalla um starfið og hvernig stytting vinnuvikunnar hefur lagst í hann og samstarfsmenn hans.

Til staðar fyrir unga fólkið

Starf Kára felst í því að halda utan um og reka félagsmiðstöðina í Hólmaseli. „Starfið mitt nær yfir vítt svið. Fyrir utan almennt eftirlit með umgengni í félagsmiðstöðinni og börnunum sem hana sækir ber helst að nefna utanumhald á rekstri og ekki síst að halda utan um hlutastarfsfólkið okkar. Það er hjartað í félagsmiðstöðinni, að hafa gott hlutastarfsfólk. Síðan er í starfinu fólgið samstarf við skólafyrirvöld, foreldra og unglingana í hverfinu, bæði þegar eitthvað slæmt og erfitt er að gerast í lífi þeirra en líka eitthvað gott og jákvætt. Þá þurfum við að geta leiðbeint foreldrum og unglingum í ýmsum málum. Við sjáum líka um kennslu í skólum, ég sé t.d. um kynfræðslu í Seljaskóla og Ölduselskóla fyrir unglinga. Einnig sér okkar starfsfólk um ýmskonar val í þessum skólum; Nördaval, allskonar leikja- og spilaval. Þá erum við með hópastarf til að efla börn og unglinga að ógleymdum sumarnámskeiðunum fyrir unglingana. Það er gott að vera til staðar og þetta er ansi fjölbreytt starf og skemmtilegt,“ segir Kári og brosir.

Umhyggja fyrir fólki og að vera með hjartað á réttum stað er það sem gildir í starfi í félagsmiðstöðvum. „Annað hvort er fólk með hjartað á réttum stað í þessu eða það hættir. Þetta er þannig að þú getur ekki verið í þessu starfi nema þér finnst það gaman og hafir ástríðu fyrir því. Hingað kemur mikill fjöldi barna og unglinga. Við erum heppin að því leyti hér í Seljahverfinu að við sjáum um tvo skóla, Seljaskóla og Ölduselskóla og þar af leiðandi erum við stærri eining og getum þess vegna boðið upp á meiri þjónustu. Við erum með opið öll kvöld vikunnar fyrir unglingana frá 19:30-10:00 nema á föstudögum en þá er opið frá 19:30-11:00 og svo er opið tvo daga vikunnar yfir daginn,“ segir hann.

Félagsmiðstöðin sinnir líka barnastarfi fyrir tíu til tólf ára þrisvar sinnum í viku og mætingin er mjög góð. Á haustin mæta í félagsmiðstöðina 100 – 130 unglingar öll kvöld vikunnar. Á daginn er boðið upp á samlokur eða núðlur sem er heimilislegt og notalegt.

“

Ég tek mína styttingu út alltaf einu sinni í viku á fimmtudögum. Styttingin nýtist mér og okkur sem erum í 100 prósent vinnu mjög vel. Við kunnum alltaf betur og betur við þetta. Ég vil segja að þessi stytting er mér alltaf dýrmætari og dýrmætari.

„Ég held líka að þessi breyting sem orðið hefur sé góð. Almennt séð þýðir stytting vinnu

Stytting vinnuvikunnar er dýrmæt kjarabót

Stytting vinnuvikunnar tók gildi í vaktavinnu 1. janúar sl. og nú er reiknað með að komin sé dágóð reynsla meðal félagsmanna Sameykis. Hvernig hefur styttingin lagst í Kára og hans samstarfsfólk?

„Ég tek mína styttingu út alltaf einu sinni í viku á fimmtudögum. Styttingin nýtist mér og okkur sem erum í 100 prósent vinnu mjög vel. Við kunnum alltaf betur og betur við þetta. Ég vil segja að þessi stytting er mér alltaf dýrmætari og dýrmætari því ég fór að sjá betur hvernig ég gæti notið þessa tíma betur í það sem mig langar til að gera; fara í sund, í ræktina eða bara ákveða að slappa af heima,“ segir hann.

Kári segir að starfsfólk sem er í hlutastarfi þurfi kannski að hætta nokkrum mínútum fyrr hér og þar og þurfi að eyða mikilli vinnu í

húð og hár



vikunnar það að fólk er að minnka skrepp til að sinna einkaerindum í vinnutíma.

að tína saman mínúturnar til að geta notað rétt sinn á styttingu vinnutíma í hverri viku. Það sé eiginlega engin stytting vegna þess að ekki sé hægt að safna þessum mínútum saman og nýta þær t.d. upp í frí eða aðra styttingu einu sinni í mánuði. Þess vegna virki þetta ekki nógu vel fyrir fólk í hlutastarfi. „Þetta er vegna þess að það er ekki búið að innleiða það hjá Reykjavíkurborg að stytting vinnuvikunnar er ekki á mánaðarlegum forsendum. Það er þannig í sumum deildum innan borgarinnar en hún er það ekki hjá okkur, en ef svo væri líka hjá okkur hér værum við öll súperánægð með styttingu vinnuvikunnar, ekki bara ég. Fyrst hélt fólk, þegar innleiðingarferlið hófst, að til stæði að taka af þeim kaffitímana en það var frekar auðvelt að leiðrétta þann misskilning,“ segir Kári.

„Ég held líka að þessi breyting sem orðið hefur sé góð. Almennt séð þýðir stytting vinnuvikunnar það að fólk er að minnka skrepp til að sinna einkaerindum í vinnutíma. Ég

spyr mig hversu sanngjarnt það sé að skreppa í ræktina í rúma klukkustund í vinnutímanum eða skreppa í smók á klukkustundar fresti eins og tíðkast í samfélaginu. Ég er ekki að býsnast yfir því hvað fólk gerir, og það er frábært þegar vinnustaðir leyfa fólki að sinna sínum málum í vinnutímanum með þessum hætti, en ég spyr mig hvort þetta sé sanngjarn gangvart þeim samstarfsmönnum sem eru að vinna á meðan. Eiga þeir ekki rétt á þessum pásam líka? Þetta er allt að breytast held ég og verða sanngjarnara með tilkomu styttingu vinnuvikunnar,“ segir hann.

Það var gaman að hitta Kára og sjá hann í sínu „elementi“ undir kilið radda, hrópa og boltaleikja í Hólmaseli. Kári var allan tímann með annað augað á börnunum á meðan á viðtalinu stóð því það þarf að fylgjast með börnum í leik og ganga úr skugga um að allt sé eins og það á að vera. ■



„Við höfum innleitt skiptingu vinnuvikunnar hjá SÍ. Í fyrstu var starfsfólkið að deila styttingunni yfir vikuna en svo ákváðum við að taka styttinguna út á föstudögum.“

Styttingin hefur færð mér nýtt líf

Eftir Axel Jón Ellenarson
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Anna Lára Guðnadóttir er verkefnastjóri innri rekstar í þjónustuveri hjá Sjúkratryggingum Íslands og trúnaðarmaður Sameykis á vinnustaðnum. Verkefni hennar felast í því að sjá um margvíslegt skipulag SÍ innan sinnar deildar, s.s. að víxla fólki á vinnustundir í þjónustuverinu o.fl. Hún á sterkar rætur að rekja til Súðavíkur þar sem móðurætt hennar er upprunnin og er hún að hluta til alin upp fyrir vestan og í Grindavík þar sem föðurætt hennar er. Anna Lára og fjölskyldan hennar reynir að heimsækja

Vestfirði á hverju sumri og dvelja þar innan um tignarleg fjöll og djúpa og fagra firði þó að hún segist vera sæmilega mikill Grindavíkingur líka þar sem hún ólst upp að hluta.

Úr Landsbankanum til Sjúkratrygginga Íslands

Anna Lára hefur starfað hjá Sjúkratryggingum Íslands í átta ár en hún kom úr bankageiranum. „Ég var að leita mér að flutningi innan Landsbankans þar sem ég starfaði en það gekk frekar hægt. Ég var nýbúin með fæðingarorlof sem ég var í og keyrði alltaf á milli Reykjanesbæjar og Reykjavíkur þar sem ég bý og var

orðin frekar þreytt á því. Ég sá þetta starf auglýst og ég ákvað að vinna kvæði mínu í kross og sækja um. Ég fékk loks starfið og mér líður mjög vel hérna og starfa með yndislegu fólki. Starfið mitt hjá SÍ er afskaplega fjölbreytt og skemmtilegt. Það er alltaf að þróast áfram og taka breytingum því þetta er þjónustustarf. Nú nýverið voru gerðar breytingar á minni deild sem felast í því að deildin var gerð að stuðningsdeild fyrir allar aðrar deildir innan SÍ. Það er margt sem til fellur innan vinnustaðarins, allt frá því að panta inn það sem starfsfólk vantar á vinnustaðinn, yfir í það að gróðursetja plöntur fyrir utan stofnunina. Starfsfólkið í minni deild þarf að þekkja alla innviði stofnunarinnar svo hægt sé að sinna

“

Hér er hvatt til þess að starfsfólkið nýti sér endurmenntun og efli sjálft sig. Innan SÍ er að mörgu leyti framsæknari hugsun en í einkageiranum. Frá því ég hóf hér störf hef ég bætt við mig meiri menntun en þar sem ég var áður starfandi og hefur Sameyki verið lykilþáttur í því að ég gat það.

þörfunum vel. Við erum líka mjög mikið að sinna þeim sem þurfa hjálpartæki, afgreiða þau mál og vísa áfram til þeirra aðila sem veita þjónustuna,” segir hún.

Starf sem krefst umhyggju

Starfsfólk SÍ sinnir skjólstæðingum sem þurfa ýmsa viðkvæma lækniþjónustu. Sjúklingar sem þarfnast lækni meðferðar í útlöndum vegna t.d. krabbameins, eldra fólk sem þarf á hjálpartækjum að halda og skila inn gögnum vegna dánarbús. „Fólk sem leitar til stofnunarinnar er oft á viðkvæmum staði í lífinu og því þurfum við fyrst og fremst að sýna því tillitssemi og bera umhyggju fyrir þeirra erindi. Við þurfum að hlusta á það og leysa á sem bestan mögulega hátt úr þeirra óskum. Eiginlega öll málefni sem SÍ er að fást við eru mjög viðkvæm og það má kannski segja að hver og einn sem starfar hér í framlínunni hjá stofnuninni þurfi að vera fjölfræðingur. Þó að starfið geti stundum verið erfitt er gott að hafa í huga að fólk er gott í eðli sínu þótt það sé að takast á við erfitt tímabil í lífi sínu,” segir Anna Lára.

„Hér er hvatt til þess að starfsfólkið nýti sér endurmenntun og efli sjálft sig. Innan SÍ er að mörgu leyti framsæknari hugsun en í einkageiranum. Frá því ég hóf hér störf hef ég bætt við mig meiri menntun en þar sem ég var áður starfandi og hefur Sameyki verið lykilþáttur í því að ég gat það. Sjóðirnir, námskeiðin og þjónustan sem félagið býður upp á hefur reynst mér mjög vel,” segir hún.

Frábært að hætta fyrir á föstudögum

„Við höfum innleitt skiptingu vinnuvikunnar í minni deild hjá SÍ. Í fyrstu var starfsfólkið að deila styttingunni yfir vikuna en svo ákváðum við að taka styttinguna út á föstudögum. Þannig að við hættum alla föstudaga klukkan eitt. Þá lokum við stofnuninni, án þess að skerða opnunartíma hennar, sem hefur reynst mjög vel og töluvert betur heldur en þegar tekin var ein og ein klukkustund í senn yfir vikuna. Það er mikil hamingja hjá okkur með þetta fyrirkomulag sem við höfum í maí sl. og svo



„Að manni læddist efi um að þetta yrði ekki nógu gott. En það var farið mjög vel yfir þetta og innleiðingarferlið gekk mjög vel.“

var ákveðið á síðasta starfsmannafundi að halda áfram þessu fyrirkomulagi með styttinguna og taka hana á föstudögum framvegis. Það er samt þannig að það koma föstudagar sem við þurfum að leysa verkefnin en alla jafna hættum við þá.

Í upphafi var ég svolítið smeyk við að missa matar- og kaffitím-ana. Að manni læddist efi um að þetta yrði ekki nógu gott. En það var farið mjög vel yfir þetta og innleiðingarferlið gekk mjög vel. Við höfum sem sagt stytst vinnuvikuna um þrjár klukkustundir í viku en ekki fulla styttingu. Samt hefur stytting vinnuvikunnar fært manni nýtt líf. Það er kannski svolítið dramatískt að segja það en það er það samt því ég nýt meiri tíma með fjölskyldunni og þar sem ég á þrjú börn og yngsti strákurinn minn er einhverfur get ég notið með honum og fjölskyldunni meiri dýrmæts tíma sem ég annars myndi missa af. Það er bara nýtt líf því föstudagarnir eru svo skemmtilegir og við gerum allskonar saman. Ég bara get ekki hrósað þessu nægilega mikið og þetta er líka mikil kjarabót auðvitað,” segir Anna Lára brosandi að lokum. ■



Launafólk á Íslandi þekkir vel álag í starfi og nauðsynlegt er að vinna ofan af því.

Streita er alvarlegur vandi á vinnustöðum

Eftir Axel Jón Ellenarson

Í ársriti Virk starfsendurhæfingarsjóð er fjallað um streitustig á vinnustöðum. Þar er m.a. að finna svonefndan streitustiga sem gefur glögga mynd af líðan starfsmanns sem mátar sig við hann. Honum er skipt í fimm þrepa súlur sem skýra álagið og lýsir líðan í samræmi við það. Launafólk á Íslandi þekkir vel álag í starfi og nauðsynlegt er að vinna ofan af því. Virk hefur gríðarlega reynslu í að takast á við slíka streitu hjá launafólki og hjálpa því að vinna ofan af henni.

Svalur yfir í brunninn

Streitustiginn sýnir álag frá því að vera viðráðanlegt og er nefnt Svalur, þá Volgur, Logandi, Bráðnaður og loks síðasta streitustigið Brunninn. Við hverja súlu er tillaga að úrlausn. Á íslenskum vinnumarkaði eru sífellt fleiri að heltast úr lestinni vegna tímabundinna eða langvarandi veikinda. Svo virðist sem hluti þessara veikinda sé til kominn vegna langvarandi álags í starfi og einkalífi. Virk hvetur til þess að vinnuveitendur og launafólk kynni sér streitustigann vel og meti sína eigin stöðu út frá einkennum hans.

Eitt af markmiðunum er að hjálpa fólki til að komast aftur inn á vinnumarkaðinn og hefur Virk sett sér þrjú mikilvæg markmið í starfsendurhæfingunni til að sporna við brotthvarfi af vinnumarkaði vegna heilsubrestra. Þau eru:

1. Markmiðið með forvarnarverkefni VIRK er að styðja við starfsmenn og stjórnendur til að sporna við brotthvarfi af vinnumarkaði vegna heilsubrestra.
2. Við lifum í samfélagi þar sem sífellt fleiri virðast heltast úr lestinni vegna tímabundinna eða langvarandi veikinda. Svo virðist sem hluti af þessum veikindum sé til kominn vegna langvarandi álags bæði í starfi og einkalífi.
3. Verkefnið Heilsueflandi vinnustaður er mikilvægur hluti forvarnarverkefnisins en aðrar hlutar þess eru velvirk.is, vītundarvakning samanber „Er brjálað að gera“ verkefnið og rannsókn sem hefur það að markmiði að einangra breytur sem mögulega hafa áhrif á það hvort einstaklingar komast aftur til starfa eftir veikindaleyfi. ■

Hvert er streitustigið á þínum vinnustað?



Streitustiginn kemur úr bókinni *Stop stress – hánðbog for ledere* (Andersen og Kingston, 2016)

Svalur

Úrræði
Halda áfram á réttri leið.

Volgur

Úrræði
Tala við samstarfsfólk eða yfirmenn um álag.

Logandi

Úrræði
Leita aðstoðar hjá trúnaðarmanni, mannauðsstjóra, eða heilbrigðisstarfsfólki.

Bráðnaður

Úrræði
Minnka starfshlutfall í nokkrar vikur eða taka stutt veikindahlé.

Brunninn

Úrræði
Leita hjálpar án tafar.

Streitustiginn sýnir hvernig streita getur þróast. Við hvetjum starfsfólk og vinnuveitendur til þess að kynna sér hann vel og meta sína eigin stöðu út frá einkennum stigans.

Liðsheild og metnaður:

Bætt mannauðs- stjórnun hjá hinu opinbera

Auðunn Arnórsson, MPA, fjallar um niðurstöður lokaritgerðar sinnar í opinberri stjórnsýslu við HÍ, en hún fjallar um það hvernig bæta má mannauðsstjórnun í opinbera geiranum með rétttri nýtingu könnunarinnar Stofnun ársins.

Eftir Auðunn Arnórsson

Hvernig geta stjórnendur hjá hinu opinbera nýtt sér niðurstöður úr starfsánægjukönnuninni Stofnun ársins til að stuðla að úrbótum á sínum vinnustöðum? Þetta er aðalrannsóknarspurning meistaraprófsritgerðar undirritaðs í opinberri stjórnsýslu við HÍ, sem skilað var í maímánuði síðastliðnum.

Eins og Sameykisfélögum er örugglega flestum vel kunnugt hafa Sameyki (og fyrirrennarafélögin) í samstarfi við Kjara- og mannauðssýslu ríkisins staðið fyrir könnuninni Stofnun ársins frá því snemma á þessari öld. Þegar undirritaður stóð frammi fyrir því að velja viðfangsefni lokaritgerðar sinnar í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu við HÍ veturinn 2020–2021 var athygli hans vakin á þeim valkosti að fjalla um þróun mannauðsstjórnunar hjá hinu opinbera út frá þeim mikla gagnagrunni sem byggzt hefur upp með könnuninni Stofnun ársins yfir þetta langa tímabil. Úr varð ritgerðin Liðsheild og metnaður sem

höfundur var beðinn að gera skil í þessari grein fyrir tímarit Sameykis, en hann naut styrks frá Sameyki til að framkvæma rannsóknina.

Í ritgerðinni var ráðist í eiginlega rannsókn með viðtölum við tíu valda einstaklinga, sem allir eru annað hvort reyndir stjórnendur í opinberum stofnunum eða sérfræðingar í mannauðsmálum. Aðalrannsóknarspurningin sem lögð var til grundvallar þeirri rannsókn sem ritgerðin byggir á er þessi: Hvernig geta stjórnendur hjá hinu opinbera nýtt sér niðurstöður úr könnuninni Stofnun ársins til að stuðla að úrbótum, hver í sinni stofnun? Í ritgerðinni er rannsóknarspurningin sett í samhengi við viðleitni til að bæta stjórnun hjá hinu opinbera á undanföllum áratugum, og við þær nýjungar í mannauðsstjórnun hjá efsta lagi stjórnenda hjá ríkinu sem verið er að innleiða með nýrri stjórnendastefnu ríkisins. Stjórnendastefna ríkisins var fyrst kynnt árið 2019 og er innleiðing hennar nú langt komin, en það er Kjara- og mannauðssýsla ríkisins sem hefur umsjón með innleiðingunni.

Kenningarammi rannsóknarinnar mótast hvort tveggja af „sígildum“ stjórnunarfræðikenningum og af nýrri og sértækari kenningum sem beinast að mestu að þeim aðstæðum sem



Niðurstaða

1.	Heiðarleiki í framgöngu stjórnanda	63 stig
2.	Liðsheild/pátttökustjórnun	59 stig
3.	Auðmýkt í framgöngu stjórnanda	44 stig
4.	Stefnumiðuð stjórnun	40 stig
5.	Vinnusemi/fordæmi stjórnanda	37 stig
6.	Langtíma stefnumótun	34 stig
7.	Umbun	28 stig
8.	Mannauðsstjóri í fullu starfi	18 stig

Tafla 1. Niðurstaða forgangsróðunar viðmælenda á átta völdum stjórnunarpáttum.

ríkja á þekkingar- og jafningjavinnustöðum nútímans. Þær aðstæður gera mjög margbrotnar kröfur til stjórnenda. Dæmi um þessar nýrri stjórnunarkenningar sem við sögu koma eru pátttökustjórnun, þjónandi forysta og samhæft árangursmat. Rannsóknin leiddi í ljós að stjórnendur geta vissulega nýtt sér könnunina Stofnun ársins til úrbóta á þeim vinnustöðum sem þeir stjórna. Forsenda fyrir því er þó að þeir hafi metnað til þess að gera það og tileinki sér hugarfar og stjórnunaraðferðir sem stuðla að starfsánægju og góðri liðsheild. Yfirlit yfir mat viðmæl-

enda í rannsókninni á átta völdum stjórnunarpáttum, sem þeir voru beðnir að raða í mikilvægisröð, sést í töflu 1.

“

Stjórnendur hjá hinu opinbera verða að sýna heilindi, auðmýkt og gott fordæmi gagnvart sínu starfsfólki og leggja allt kapp á að skapa góða liðsheild á vinnustaðnum.

Heilindi og þáttökustjórnun

Markverðustu lærdómarnir sem höfundi reyndist unnt að draga af niðurstöðum rannsóknarviðtalanna og samanburði þeirra við viðmið og markmið stjórnendastefnu ríkisins eru í samantekt þessir: Stjórnendur hjá hinu opinbera verða að sýna heilindi, auðmýkt og gott fordæmi gagnvart sínu starfsfólki og leggja allt kapp á að skapa góða liðsheid á vinnustaðnum. Leiðin að því markmiði varðast af vel útfærðri þáttökustjórnun byggðri á gagnkvæmu trausti milli starfsfólks og stjórnenda sem og meðal starfsfólksins innbyrðis. Langtímastefnan með starfseminni þarf að vera skýr og starfsfólkið þarf að vita að það geti haft áhrif á stefnumótunina. Mikilvægt sé að starfa eftir áætlun, þótt matið á því hvort það sé gert í samræmi við t.d. samhæft árangursmat (balanced scorecard) eða aðrar leiðir sé mismunandi. Mikilvægt

þessi tvö hugtök: Liðsheid og metnað. Stjórnendur þurfi að sýna metnað til að nýta sér árangursmælingartæki eins og Stofnun ársins til að gera betur, og það sem er mikilvægast að þeir einsetji sér að ná fram á hverjum vinnustað er að tryggja góða liðsheid – og sýna heilindi í eigin framgöngu. Það er heildarniðurstaða rannsóknarinnar, í sem allra stytztu máli.

Mikilvæg viðbót við þetta uppörvandi svar við aðalrannsóknarspurningu ritgerðarinnar (hvað stjórnendur þurfi að gera til að nýta niðurstöður úr Stofnun ársins til umbóta) er að með innleiðingu stjórnendastefnu ríkisins kemur til sú mikilvæga nýjung að öllum forstöðumönnum ber að undirgangast stjórnendasamtöl og fá endurgjöf á störf sín frá yfirboðurum sínum með aðstoð Kjara- og mannauðssýslu ríkisins.



Að slíkir stjórnendur verði þannig að sýna að minnsta kosti viðleitni til að tileinka sér stjórnunarhætti sem hafa sýnt sig að vera árangursríkari – og kannanir eins og Stofnun ársins ýta undir – getur ekki annað en verið framfaraspor fyrir mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera.

sé að ræða niðurstöður könnunarinnar Stofnun ársins við starfsfólk á hverju ári og hvetja það til þátttöku.

Með tilkomu stjórnendastefnu ríkisins, ekki sízt með innleiðingu stjórnendasamtala og endurgjafar fyrir forstöðumenn, er loks bætt úr atriði sem sérfræðingar í mannauðsmálum höfðu lengi bent á að væri ábótavant á sviði mannauðsstjórnunar hjá ríkinu. Viðmið stjórnendastefnunnar og markmiðin með innleiðingu hennar ríma fullkomlega við það sem könnunin Stofnun ársins hefur frá upphafi reynt að ýta undir: Að efla metnað stjórnenda hjá hinu opinbera til að gera betur, bæta stjórnun og stuðla að meiri starfsánægju starfsfólks, öllum til hagsbóta.

Leiðarvísir að betri árangri

Það vekur bjartsýni hversu stjórnendahópurinn sem rætt var við í rannsókninni er sammála um það hvað sé mikilvægast til að tryggja starfsánægju og árangursríka stjórnun á þeim vinnustöðum sem þeir stýra – og fá þann árangur vottaðan af góðu gengi í könnuninni Stofnun ársins. Niðurstöðuna má sjóða niður í

„Þetta vekur von um að stjórnendur sem hafa kosið að gera sem minnst með kannanir eins og Stofnun ársins komist ekki upp með það lengur. Að slíkir stjórnendur verði þannig að sýna að minnsta kosti viðleitni til að tileinka sér stjórnunarhætti sem hafa sýnt sig að vera árangursríkari – og kannanir eins og Stofnun ársins ýta undir – getur ekki annað en verið framfaraspor fyrir mannauðsstjórnun hjá hinu opinbera,“ segir í niðurstöðum ritgerðarinnar.

Þetta er kjarni þeirrar nýju vitneskju sem ferðalagið um reynsluheim viðmælenda rannsóknarinnar leiddi í ljós. Er það von höfundar að hún geti nýtt til að mynda nýjum stjórnendum hjá hinu opinbera sem eins konar leiðarvísir að því hvað sé ráðlegt fyrir þá að setja í forgang, vilji þeir ná árangri í starfi – og fá þann árangur vottaðan með góðri niðurstöðu í könnuninni Stofnun ársins. Höfundur leyfir sér að álykta að með þessu sé almannahag þjónað. ■



Gylfi sagði að Ísland gæti alveg lifað nú með þá ferðaþjónustu sem var árið 2013 og við upplifðum þegar landið var opnað í júlí og ágúst í ár.

„Ætla að leyfa mér að vera bjartsýnn“

Eftir Axel Jón Ellenarson
Ljósmyndir: Birgir Ísleifur Gunnarsson

Gylfi Magnússon, prófessor og forseti viðskiptafræðideildar Háskóla Íslands ræddi á trúnaðarmannaráðsfundi Sameykis um efnahagslífið í faraldri fyrir og eftir hrun. Fram kom í máli hans að horfurnar í efnahagslífinu eftir COVID-19 væru alls ekki svo slæmar að hans mati. Sagðist hann ætla að leyfa sér að vera nokkuð bjartsýnn á framtíðina þrátt fyrir allt. Sló prófessorinn á léttu strengi og uppskar oft hlátur fundargesta þó að fundarefnið hafi verið á alvarlegu nótunum. Sagði Gylfi að hallinn á ríkissjóði í faraldrinum hafi verið 230 milljarðar króna eða 130 milljónir á dag. Verg landsframleiðsla hefði dregist hratt saman, jafnvel hraðar en í hruninu, og landsframleiðsla hefði einnig dregist saman líkt og á árunum 2008-9. Gylfi sagði að heildarmyndin væri samt vel viðráðanleg og peningalegar stærðir væru hagstæðar.

Vöxtur ferðaþjónustunnar og faraldurinn

Gylfi sagði það ekki alveg í sjónmáli hvenær tækist að kveða faraldurinn í kútin. Hann gæti jafnvel lifað með mannkyninu um langa hríð. Hann sagði næsta víst að flugsamgöngur muni opnast aftur og komast í sama horf og fyrir faraldurinn. Þó sé það ekki

sjálfgefið að ferðaþjónustan verði með sama sniði og fyrir faraldurinn því afar erfitt sé að spá fyrir um hvert ferðamannastraumurinn liggi næst. Nánast allar spár um ferðamannastrauminn eftir hrun voru kolrangar sem fólst í því að vöxtur ferðamannaiðnaðarins var verulega vanmetinn, enda var vöxturinn alveg ótrúlegur. Hins vegar gætti þess í hagtölum að farið var að draga úr vexti ferðamanna til landsins fyrir COVID-19, eða um 14 prósent árið 2019. Gylfi sagði að Ísland gæti alveg komist af með ferðaþjónustuna eins og hún var árið 2013 og við hefðum upplifað þegar landið var opnað í júlí og ágúst í ár.

„Ferðaþjónustan skiptir gríðarlega miklu máli í hagkerfinu og greinar tengdar ferðaþjónustunni bjuggu til u.þ.b. 15 þúsund störf fyrsta áratuginn eftir hrun sem er gríðarlega mikið í ekki stærra samfélagi. Þetta átti stóran þátt í því að eyða atvinnuleysi en störf in voru fleiri en Ísland gat með góðu móti fyllt og hingað til lands streymdi útlent vinnuafli og náði svipuðum hæðum og í góðærinu hér á landi fyrir hrun og sló raunar það met,“ sagði Gylfi.

Íslendingar í öfundsverðri stöðu

Þorri jarðarbúa búa við miklu verri lífskjör en við hér á landi, gott væri líka að búa í nágrannalöndunum, en flestir jarðarbúar hafa

Það hins vegar skítt á íslenskan mælikvarða þegar átt er við t.d. kaupmátt og gæði opinberrar þjónustu, sagði Gylfi. „Kaupmáttur launa eins og Hagstofan mælir hann hefur aukist. Hann er nær tvöfalt meiri en hann var í upphafi tíunda áratugarins og dróst saman í kjölfar hrunsins en hefur sáralítið eða ekkert dregist saman í faraldrinum.“

“

Eins og staðan er í dag er þjóðin mjög nálægt því að vera með hægstæðustu aldursdreifingu þeirra sem nokkurn tímann hefur verið, og eru á vinnumarkaði frá aldrinum 20-64 ára, eða rétt yfir 60 prósent þjóðarinnar.



„Fiskimiðin munu skila áfram en vöxturinn hefur stöðvast.“

Gylfi sagði einnig að Íslendingar væru í þeirri öfundsverðu stöðu, ólíkt því sem þjóðin glímdi við í kringum hrunið, að eiga meiri eignir í útlöndum en útlendingar eiga hér á landi. „Þessi staða hefur ekki verið svona síðan eftir síðari heimsstyrjöldina þegar Íslendingar áttu dygra sjóði eftir stríð. Um mitt þetta ár voru hreinar eignir þjóðarbúsins um 11 hundruð milljarðar króna, eða um þrjár mill-jónir króna á mann. Þar munar mest um erlendar

eignir lífeyriskerfisins. Enn fremur er enginn sér-stakur skuldavandi innanlands, hvorki hjá fyrirtækjum, heimilum né hinu opinbera þó að sumir skuldi auðvitað meira en þeir með góðu móti ráða við, en það er ekki eitthvað sem kalla mætti almennan skuldavanda, ólíkt því sem þurfti að glíma við í kjölfar hrunsins.“

Þrátt fyrir verulegan halla á ríkissjóði og sveitarfélögum á þessu ári og síðastliðnu ári þá er staða opinbera geirans sterk og lánskjör þar hagstæð og raunar hafa vextir aldrei verið hagstæðari frá því að þeir voru gefnir frjálsir fyrir um 30 árum. „Þetta kallar ekki á neinar sérstakar aðhaldsaðgerðir. Það verður hægt að greiða niður skuldir sem stofnað var til vegna faraldursins á löngum tíma og á sársaukalitinn hátt,“ sagði Gylfi um skuldasöfnun ríkissjóðs í faraldrinum.

Staðan góð en þjóðin eldist

Ýmislegt bendir til að hægja muni almennt á vexti hagkerfisins á næstu áratugum hér á Íslandi og víðast hvar annars staðar. „Lýðfræðin mun ekki vinna með þjóðinni og vegur þar þyngst sífellt herra hlutfall þeirra sem hætta að vinna og fara á eftirlaun. Eins og staðan er í dag er þjóðin mjög nálægt því að vera með hægstæðustu aldursdreifingu þeirra sem nokkurn tímann hafa verið, og eru á vinnumarkaði frá aldrinum 20-64 ára, eða rétt yfir 60 prósent þjóðarinnar. Það hlutfall hefur aldrei verið herra frá því mælingar hófust en þessi aldursdreifing starfandi fólks á vinnumarkaði verður líklega um 50 prósent undir lok þessarar aldar og mun það hafa neikvæðar afleiðingar fyrir hagkerfið,“ greindi Gylfi frá.

Þá sagði Gylfi að fólk sem flytur hingað ungt til landsins og hefur störf hefur veruleg lýðfræðileg áhrif á samfélagið og hagkerfið. Þetta unga fólk þarf að halda hjólum atvinnulífsins gangandi meðan hinir sem eldri eru hætta störfum.

Hagvöxtur keyrður áfram á nýtingu náttúruauðlinda

Þá skiptir máli að hagvöxtur á tuttugustu öld var keyrður áfram á aukinni nýtingu náttúruauðlinda. Fyrst fiskveiðiauðlindinni, þá vatnsaflsauðlindinni og síðar jarðvarmauðlindinni. „Fiskimiðin munu skila sínu áfram en vöxturinn hefur stöðvast. Fiskveiðiauðlindin gefur ekki meiri vöxt því ekki er hægt að auka magnið sem dregið er úr sjó þó að eitthvað megi áfram bæta nýtinguna og draga úr kostnaði. Hagvöxtinn á 21. öldinni þarf að byggja á öðru þar sem þumalputtareglan er að gera meira úr minna.“

Gylfi sagði að Íslendingar glímdu við nýjar áskoranir eins og aðrir jarðarbúar í umhverfismálum, einkum hnattræna hlýnun. Í ýmsu sem þar þyrfti að gera fælust vitaskuld tækifæri fyrir efnahagslífið. „Sérstaklega þegar kemur að því að nýta betur innflutta orkugjafa og skipta þeim út fyrir okkar innlendu orku. Bílaflotinn er á góðri leið í orkuskiptunum en lengri tími líður þar til þau verða bæði á lofti og á legi,“ sagði Gylfi.

„Þó að hagfræðin sé stundum kölluð hin döpru vísindi, og hefur eiginlega verið það í 300 ár, sé ég útlitið framundan ekki svo svart og ég ætla að leyfa mér að vera nokkuð bjartsýnn. Hæglega gæti 21. öldin verið sú besta til þessa hér á Íslandi með hefðbundnum fyrirvörum eins og við þekkjum úr sögunni,“ sagði Gylfi að lokum. ■



Haustfagnaður Lífeyrisdeildar Sameykis **10. nóvember**

Miðvikudaginn 10. nóvember 2021, kl. 12:00 - 15:00
stendur Lífeyrisdeild Sameykis fyrir haustfagnaði fyrir
alla félagsmenn deildarinnar. Boðið verður upp á svið
og hangikjöt með meðlæti, kaffi og konfekt.

Lífið er spuni – það er ekkert handrit.
Dóra Jóhannsdóttir leikari.

Verð 3.000 kr. á mann.

Skráning á haustfagnaðinn er í gegnum rafrænt orlofs-
kerfi félagsins á vefsíðu Sameykis, sameyki.is eða á
skrifstofu félagsins í sínum 525 8330/525 8340.

Félagsmenn mega bjóða einum gesti með á
haustfagnaðinn. **Athugið að greitt er fyrir matinn
um leið og fólk skráir sig. Síðasti dagur til að skrá
sig er 29. október 2021.**



Gott að vita!

Námskeið og fyrirlestrar á vegum Sameykis **Haust 2021**

Eftir Jóhönnu Þórdórsdóttur

Sameyki býður upp á námskeið og fyrirlestra fyrir félagsmenn á haustönn 2021 í samstarfi við Framvegis miðstöð símenntunar. Vakin er athygli á því að þetta haustið eru allir fyrirlestrar og námskeið á netinu og fá þátttakendur senda krækju þegar nær dregur. Þeir sem ekki eru vanir fjarnámi eru hvattir til að hafa samband við Framvegis og fá leiðbeiningar áður en viðburður sem þeir skrá sig á hefst.

Nefnd um framtíðarvinnumarkað fjallar um áherslur í Gott að vita og á haustönn var ákveðið að halda áfram að bjóða upp á fyrirlestraröð undir heitinu „Hvað er...?“ um málefni sem tengjast breytingum samfara fjórðu iðnbýltingunni sem er mikilvægt að við fylgjumst með. Einnig lagði nefndin áherslu á að boðið yrði upp á starfslokannámskeið fyrir félagsmenn sem styttest í að hætti á vinnumarkaði eða eru nýlega hættir. Skráning hefst 27. september kl. 17:00 á vef Framvegis, framvegis.is, undir Náms. Þann 21. september hefst snemmskráning á námskeið um haustlauka.

Að gefnu tilefni!

Þegar þú skráir þig á námskeið vertu þá viss um að enda á að smella á „Skrá umsókn“, annars skráist umsóknin ekki. Nánari upplýsingar veittar hjá Framvegis á helga@framvegis.is eða í síma 581 1900, en Framvegis sér um skipulagningu námskeiðanna.

Vinsamlegast láttu vita tímanlega ef þú getur ekki nýtt plássið þitt á námskeiði svo hægt sé að hleypa fólki inn af biðlista.

Einnig er boðið upp á námskeið í samstarfi við Farskóla Norðurlands vestra og Símeys símenntunarmiðstöð í Eyjafirði. Hægt er að nálgast upplýsingar um fræðslu á vef Sameykis, sameyki.is undir fræðsla.

Þegar kona brotnar – og leiðin út í lífið á ný

Fyrirlestur og umræður út frá samnefndri bók eftir Sirrý Arnardóttur sem hún vann í samstarfi við VIRK. Rætt um álag kvenna og úrræði. Hvað veldur því að svo margar konur brotna, kulna, örmagnast? Hvað hefur virkað vel fyrir þær konur sem hafa náð í starfsgleðina og orkuna á ný?

Dagsetning: Þriðjudagur 5. október.

Klukkan: 20:00-21:30.

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Netviðburður – skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Sirrý Arnardóttir á að baki 30 ára farsælan fjölmiðlaferil en starfar nú sem stjórndarþjálfari, fyrirlesari, rithöfundur og kennari við Háskólann á Bifröst.

Spænska fyrir ferðamenn

Á þessu örnámskeiði eru kennd grundvallaratriði í samskiptum á spænsku. Spænska er einfaldari en margir halda og hægt að komast langt með smá innsýn í tungumálið. Á þessu örnámskeiði lærir þú grundvallaratriði í samskiptum svo sem að heilsa og kveðja og þakka fyrir þig; að komast á milli staða, spyrja til vegar og nota samgöngur; bjarga þér í búðum og veitingastöðum, getað spurt um vörur og skilið matseðilinn; og lesa úr kortum bæði á pappír og í símanum. Að lokum verður kennt á einföld hjálpartæki sem finna má í flestum snjallsímum.

Dagsetningar: Miðvikudaga 6., 13. og 20. október.

Klukkan: 18:00-20:00.

Lengd: 6 klst.

Staður: Netviðburður.

Leiðbeinandi: Gerður Gestsdóttir, löggiltur skjalaþýðandi úr spænsku á íslensku og túlkur.

Endurtekið námskeið

Hvað er tölvuöryggi? Hvernig forðast ég hakkara?

Er einhver mögulega að fylgjast með þér í gegnum tæki?! Eitt af þremur erindum um tæknibreytingar og áhrif sem þær geta haft á líf okkar og störf. Framfarir eru hraðar og varla fyrir nokkurn að halda í við tæknina og skilja hvað breytingarnar þýða. Sameyki býður því félagsmönnum röð stuttra erinda í Gott að vita undir yfirskriftinni „Hvað er...?“ Leitast verður við að útskýra fyrirbærin stafræn hæfni, ský og sjálfvirkni og gervigreind. Þessi erindi eru ætluð fyrir þá sem vilja skilja út á hvað tæknibreytingarnar ganga og hvað þær geta mögulega þýtt fyrir viðkomandi. Viðfangsefni þessa fyrsta erindis í „Hvað er...?“ þetta haustið er tölvuöryggi. Eftirfarandi spurningar eru á meðal þess sem við leitumst við að svara í þessu erindi:

- Hvernig passa ég upp á að stýrikerfið mitt sé öruggt?
- Hvað eru tölvuvírusar og hvernig á að verjast þeim?
- Hvað er „malware“ hvernig á að verjast þeim?
- Hvernig tryggir ég gögnin mín í skýnu?

- Hvernig má þekkja falska tölvupósta?
- Hvernig geri ég þráðlausa netið mitt öruggara?

Dagsetning: Mánudagur 11. október.

Klukkan: 20:00-21:00.

Lengd: 1 klst.

Staður: Netviðburður – skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Hermann Jónsson hefur starfað í tölvubransanum í fjölda ára, m.a. sem framkvæmdastjóri hjá tölvuskólanum Isoft, tölvuskólanum NTV og sem fræðslustjóri Advania. Hermann er einn af stofnendum og eigendum Tækninám.is.

Af kynslóðabilunum og öðrum bilunum í samskiptum fólks

Af kynslóðabilunum og öðrum bilunum í samskiptum fólks. Hvernig gengur þetta eiginlega upp? Það er hreint með ólíkindum hvað kynslóðirnar eru ólíkar. Eldgama liðið sem fætt er fyrir 1943 mætir bara á réttum tíma, hlýðir öllum og meira að segja lögunum. Ofdekraða kynslóðin (1981-2000) nennir ekki neinu nema vera í tölvum og safna stigum, hlýðir ekki nema stundum og vill láta skutla sér. Skyndikynslóðin (1961-1980) vill helst ekki gera neitt nema dekra við ofdekrudu kynslóðina enda gerði hún hana ofdekraða með því að vera endalaust að skutla henni og hafa ofan af fyrir henni. Skyndikynslóðinni er auðvitað vorkunn enda hefur hún ekki borðað matarbita í mörg ár, nærist eingöngu á fæðubótarefnum. Ofdekrudu kynslóðinni er svo sem vorkunn líka því hún þurfti að vera í fótbolta, ballett, tónlist, handbolta, körfu, kór og

hvað þetta allt hét. Hún þurfti að gera allt það sem skyndikynslóðin sjálf gat ekki fengið því eldgamla kynslóðin var alltaf að vinna, enda vinnan dyggð. Ábyrgðarlaus kynslóðin fór með allt til fjandans, eða var kannski allt farið til fjandans? En sem betur fer þá er okkar kynslóð ekki með neina vitleysu og eins og einhver sagði þá eru vitleysingarnir allir á hinni vaktinni. Ekki að furða að allt sé á niðurleið. Í fyrirlestrinum er farið á fræðilegan og háalvarlegan hátt yfir rannsóknir á kynslóðabilunum. Niðurstaða hennar er að það er með ólíkindum að þetta skuli geta gengið.

Dagsetning: Mánudagur 18. október.

Klukkan: 20:00-21:00.

Lengd: 1 klst.

Staður: Netviðburður– skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Ingrid Kuhlman.

Njótum en þjótum ekki

Létt útivist og sjálfstyrking blandast saman á skemmtilegan hátt á þessu námskeiði. Á þriðjudögum hittist hópurinn a Zoom, þar sem unnið verður með sjálfstyrkingu í gegnum markþjálfun, jóga, hugleiðslu og slökun. Á fimmtudögum verður farið í þægilega göngutúra í borginni og/eða næsta nágreinni, þar sem náttúran er tekin inn í ró og næði, án áreitiss og stress. Áhersla er lögð á að þátttakendur setji sig í fyrsta, annað og þriðja sætið, hlusti á umhverfisljóðið, finni lyktina, hugleiði, geri léttar teygjur, slaki á og njóti en ekki þjóti.

Gefum Gróu orðið: „Þar sem ég er lærður jógakennari, leiðsögumaður og markþjálfari þá mun ég nýta þá verkfærakistu sem ég á með öllum þeim tólum sem ég hef öðlast með reynslu minni á þessum sviðum. Ég hef verið að vinna með ungu fólki, frá VIRK, sem er að stíga upp og koma til baka eftir erfiðleika í gegnum Framvegis, miðstöð simenntunar. Þar hef ég nýtt mér þessi verkfæri og hefur það gefist mjög vel. Ég nota mikið öndun og hugleiðslu í mínum námskeiðum um leið og ég sái frægum sjálfstyrkingar inn í huga þátttakenda. Ég nýti þakklætið mikið, hjálpa þátttakendum að finna styrkleikana sína og hvernig þeir geta nýtt þá í sinni markmiðasetningu o.s.frv.“

Dagsetningar: Þriðjudagar og fimmtudagar 19., 21., 26. og 28. október, 2. og 4. nóvember

Klukkan: 17:30-19:00.

Lengd: 9 klst

Staður: Netviðburður– skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Gróa Másdóttir jógakennari, leiðsögumaður og markþjálfari.

Heimur ostanna Fyrsta námskeið

Skemmtileg og gómsæt fræðsla um heim ostanna. Annað af tveimur námskeiðum Eirnýjar þar sem viðfangsefnið verða ólík. Yfir 4000 tegundir osta eru í heiminum. Hvar skal byrja? Nánari lýsingu verður að finna á vef Framvegis, framvegis.is undir Gott að vita. Þar verður einnig birtur innkaupalisti með ostum og meðlæti sem þarf til að taka virkan þátt í námskeiðinu, það er þó ekki skilyrði.

Dagsetning: Fimmtudagur 21. október.

Klukkan: 18:00-20:00.

Lengd: 2 klst.

Staður: Netviðburður– skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Eirný Ósk Sigurðardóttir ostasérfræðingur og stofnandi Búrsins og Matarmarkaðs Íslands.

Örugg tjáning í rafheimum – og raunheimum

„Örugg tjáning – betri samskipti“- „Verkfærakista“ með hagnýtum ráðum fyrir þá sem vilja tjá sig af öryggi í rafheimum og raunheimum. Fyrirlestur og umræður. Hvernig er hægt að nýta sér sviðsskrekk? Skotheid aðferð til að undirbúa „öndurbúna“ ræðu. Hagnýtar aðferðir og æfingar til að verða betri ræðumaður/viðmælandi. Örugg tjáning og framkoma á fundum í rafheimum.

Dagsetning: Miðvikudagur 27. október.

Klukkan: 19:00-20:30.

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Netviðburður– skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Sirrý Arnardóttir sem á að baki 30 ára farsælan fjölmiðlaferil en starfar nú sem stjórndarþjálfari, fyrirlesari, rithöfundur og kennari við Háskólann á Bifröst.

Hvað er sjálfvirkni og gervigreind?

Eitt af þremur erindum um tæknibreytingar og áhrif sem þær geta haft á líf okkar og störf. Endurtekið frá vori. Framfarir eru hraðar og varla fyrir nokkurn að halda í við tæknina og skilja hvað breytingarnar þýða. Sameyki býður því félagsmönnum röð stuttra erinda í Gott að vita undir yfirskriftinni „**Hvað er...?**“ Leitast verður við að útskýra fyrirbærin stafræn hæfni, ský og sjálfvirkni, og gervigreind. Þessi erindi eru ætluð þeim sem vilja skilja út á hvað tækni-breytingarnar ganga og hvað þær geta mögulega þýtt fyrir viðkomandi. Erindin eru tilvalin fyrir forvitna og engin spurning er of vitlaus. Viðfangsefni þessa þriðja erindis í „**Hvað er...?**“ er sjálfvirkni og gervigreind. Hvað er þetta og skiptir þetta mig einhverju máli? Skiptir þetta einhverju máli í lífi mínu og starfi og hvernig verður þróunin? Stórar spurningar sem velt verður upp og kannski færð þú örliðið meiri

innsýn í viðfangsefnið. **Dagsetning:** Þriðjudagur 2.

nóvember

Klukkan: 20:00-21:00

Lengd: 1 klst.

Staður: Netviðburður – skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Hermann Jónsson hefur starfað í tölvubransanum í fjölda ára, m.a. sem framkvæmdarstjóri hjá tölvuskólanum Isoft, tölvuskólanum NTV og sem fræðslustjóri Advania. Hermann er einn af stofnendum og eigendum Tækninám.is.

Lærðu að þrjóna peysu

Þriggja vikna netnámskeið þar sem þátttakendur læra að þrjóna peysu á sínum hraða. Þátttakendur fá skýra og góða kennslu og þrjóna saman alveg frá því að fitja upp til fullkláraðs stykkis. Þáttakendur hafa aðgang að yfir 20 myndskleiðum sem þeir spila

og stöðva að vild. Einu sinni í viku hittast þátttakendur með Tinnu á netinu þar sem farið er yfir hvar fólk er stadd og þess að fá nýjar upplýsingar. Þess á milli talar hópurinn saman í lokuðum hóp á netinu þar sem hægt er að fá enn meiri aðstoð og hvatningu svo enginn sitji föst/fastur. Athugið að það er heimavinna líka. Í lok námskeiðs verða þátttakendur búnir að vinna eigið handverk, þrjóna peysu á sig eða sína, jafnvel í gjöf! Fullkomið fyrir köldu dagana.

Dagsetningar: Miðvikudagur 3., 10. og 17. nóvember.

Klukkan: 20:00-21:00.

Lengd: 3 klst.

Staður: Netviðburður– skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Tinna Lind stofnandi Tiny Viking. Hún er menntaður textilkennari og fatahönnuður. Hefur þrjónað frá því að hún var ung og hefur margra ára reynslu af textil kennslu.

Þegar karlar stranda – og leiðin í land

Fyrirlestur og umræður út frá samnefndri bók eftir Sirrý Arnardóttur sem hún vann í samstarfi við VIRK. Kulnun, örmögnun, streita og alvarleg áföll hafa á undanförmum árum gert það að verkum að æ fleiri lenda í ógöngum og hrekjast jafnvel af vinnumarkaði. Og þetta á bæði við um karla og konur. Karlar tala síður en konur um það hvernig þeim líður. Þeir velja margir hverjir að bíta á jaxlinn og bera harm sinn í hljóði. Sirrý Arnardóttir hefur tekið viðtöl við karlmenn á öllum aldri, úr öllum áttum og með mismunandi stöðu í samfélaginu og veita þau einstaka innsýn í líf þeirra og líðan. Þeir eiga það allir sameiginlegt að hafa strandað og upplifað verulega vanlíðan. Þeir gátu ekki unnið og voru við það að sökkva. En þeir gripu til aðgerða, fóru að vinna í sínum málum og komust í land. Í fyrirlestrinum er einnig fjallað um það hvernig karlmenn fyrri tíma brugðust við örmögnun og áföllum og vitnað í sálfræðing og félagsráðgjafa um veruleika þeirra sem stranda í lífinu. Bókin er gefin út í samvinnu við VIRK – starfsendurhæfingarsjóð. Áður hefur Sirrý sent frá sér bókina Þegar kona brotnar – og leiðin út í lífið á ný sem mæltist afar vel fyrir.

Dagsetning: Mánudagur 8. nóvember.

Klukkan: 20:00-21:30.

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Netviðburður– skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Sirrý Arnardóttir sem á að baki 30 ára farsælan fjölmiðlaferil en starfar nú sem stjórndarþjálfari, fyrirlesari, rithöfundur og kennari við Háskólann á Bifröst.

Heimili og hönnun

Fjallað um grunnatriði hönnunar innan heimilis og hvernig má mynda góða heild á heimilinu. Viltu sjá umhverfi þitt í nýju ljósi og skilja hvað virkar og af hverju? Á námskeiðinu „Heimili og hönnun“ er farið í grunnatriði hönnunar innan heimilislíns s.s. upp-röðun húsgagna, hvernig hengja eigi upp myndir og litaskema. Hvernig má láta húsgögn, persónulega muni, myndir, liti og lýsingu spila saman til að mynda góða heild á heimilinu? Tekin eru fjölmörg dæmi um vel heppnaðar samsetningar. Hvað fer saman, hvað ekki og af hverju? Að loknu námskeiðinu ættu þátttakendur að geta gert einfaldar breytingar heima við sem draga betur fram þann

stíl sem hentar vel þeim munum og húsgögnum sem eru til á heimilinu. Námskeiðið er ætlað öllum sem vilja gera betur við hönnun á heimili sínu.

Dagsetning: Þriðjudagur 9. nóvember.

Klukkan: 19:00-21:30.

Lengd: 2,5 klst

Staður: Netviðburður– skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Emilía Borgþórsdóttir

Betri svefn

Hér er fjallað um mikilvægi svefns fyrir heilsu líðan og árangur af helsta svefnsérfræðingi landsins. Í þessum fyrirlestri mun Dr. Erla Björnsdóttir fara yfir mikilvægi svefns fyrir heilsu, líðan og árangur. Erla er sálfræðingur með doktorspróf í líf- og læknávisindum. Hún hefur sérhæft sig í rannsókn-um og meðferð á svefnleysi og er stofnandi og framkvæmdastjóri Betri svefns.

Erla mun meðal annrs fjalla um eftirfarandi atriði:

- Hversu mikið þurfum við að sofa og hvaða áhrif hefur of lítill svefn?
- Hvernig virkar líkamsklukkan? Hvenær er einbeiting best og hvenær er best að mæta í ræktina?
- Hvernig sofa Íslendingar?
- Hvernig sofa börn og ungmenni á Íslandi?
- Svefnlyfjanotkun barna, unglinga og fullorðinna á Íslandi
- Hver eru algengustu vandamálin sem tengjast svefni?
- Hvað getum við sjálf gert til að tryggja góðan nætursvefn?

Dagsetningar: Fimmtudagur 11. nóvember.

Klukkan: 19:00-20:30.

Lengd: 1,5 klst.

Staður: Netviðburður– skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Erla Björnsdóttir sálfræðingur með doktorspróf í líf- og læknávisindum.

Fjármál við starfslok

Hvað þarf að hafa í huga varðandi fjármál fyrir starfslok? Endurtekið frá vori. Námskeið um það sem mikilvægast er að hafa í huga við undirbúning starfsloka. Meðal þess sem rætt verður um er úttekt lífeyris og séreignar, skattamál, greiðslur og skerðingar Tryggingastofnunar og skipting lífeyris með maka.

Dagsetning: Þriðjudagur 16. nóvember.

Klukkan: 18:00-20:00.

Lengd: 2 klst.

Staður: Netviðburður– skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Björn Berg Gunnarsson, deildarstjóri Greiningar og fræðslu Íslandsbanka.

Heimur ostanna Seinna námskeið

Skemmtileg og gómsæt fræðsla um heim ostanna. Annað af tveimur námskeiðum Eirnýjar þar sem viðfangsefnin verða ólík. Yfir 4000 tegundir osta í heiminum. Hvar skal byrja? Nánari lýsingu verður að finna á vef Framvegis, framvegis.is undir Gott að vita. Þar verður einnig birtur innkaupalisti með ostum og meðlæti sem þarf til að taka

virkan þátt í námskeiðinu, það er þó ekki skilyrði. að verða sér út um hráefni má líka fylgjast með og njóta.

Dagsetning: Fimmtudagur 18. nóvember.

Klukkan: 18:00-20:00.

Lengd: 2 klst.

Staður: Netviðburður– skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Eimý Ósk Sigurðardóttir ostasérfræðingur og stofnandi Búrsins og Matarmarkaðs Íslands.

Leikreglur karlmennskunar

Talsvert er rætt um karlmennsku, jákvæða eða eit-ræða. Hvað er þetta eiginlega? Og ekki síður hvaða máli skiptir þetta? Markmiðið námskeiðsins er m.a. að varpa ljósi á íhaldssamar og ráðandi hugmyndir um karlmennsku, afleiðingar þeirra og benda, einkum körlum, á leiðir til að stuðla að jákvæðri karlmennsku og jafnrétti.

Dagsetning: Mánudagur 22. nóvember.

Klukkan: 20:00-21:00.

Lengd: 1 klst.

Staður: Netviðburður - skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Þorsteinn V. Einarsson sem hefur umsjón með samfélagsmiðlinum Karlmennskan. Þorsteinn er menntaður kennari með meistara-gráðu í kynjafræði frá Háskóla Íslands.

U3A Reykjavík – fræðsla og virkni

Kynning á fjölbreyttri starfsemi U3A sem eru samtök fólks á þriðja æviskeiðinu. U3A Reykjavík eða háskóli þriðja æviskeiðsins eru samtök fólks á þriðja æviskeiðinu sem vill afla sér og miðla þekkingu í virku félagsstarfi. Þriðja æviskeiðið er miðað við fólk yfir fimmtugt en engin skilyrði eru fyrir þátttöku og engin próf eru tekin. Starfsemin fer fram með fræðslufyrirlestrum, námskeiðum, heimsóknum í stofnanir og fyrirtæki, ferðum og hópastarfi og má þar nefna menningarhóp og bókmenntahóp. Víkulegir fræðslufyrirlestrar í sal í Hæðargarði 31 eru kjarni starfseminnar, en einnig er farið í kynningarferðir til áhugaverðra stofnana á höfuðborgarsvæðinu eða í dagsterðir á merka staði í nágrenni. Fyrirlestrarnir eru um fjölbreytt efni og þeim er streynt til félagsmanna, þannig að hægt er að fylgjast með þeim óháð tíma og búsetu.

Dagsetning: Miðvikudagur 24. nóvember.

Klukkan: 20:00-21:00.

Lengd: 1 klst.

Staður: Netviðburður– skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Birna Sigurjónsdóttir, formaður U3A Reykjavík.

Hvað er stýrikerfi?

Þarf ég að vita eitthvað um stýrikerfiði í tölvunni minni? Eitt af þremur erindum um tæknibreytingar og áhrif þeirra. Við lifum nú tíma tæknibreytinga sem hafa áhrif á líf okkar og störf. Framfarir eru hraðar og varla fyrir nokkurn að halda í við tæknina og skilja hvað breytingarnar þýða. Sameyki býður því félagsmönnum röð stuttra erinda í Gott að vita undir yfirskriftinni „*Hvað er...?*“ Leitast verðu við að útskýra fyrirbærin

stafræn hæfni, ský og sjálfvirkni og gervigreind. Sumir hafa áhyggjur af að halda ekki í við tæknibreytingar eða verða hreinlega skipt út af vinnumarkaði fyrir vélmenni. Þessi erindi eru ætluð þeim sem vilja skilja út á hvað tæknibreytingarnar ganga og hvað þær geta mögulega þýtt fyrir viðkomandi. Erindin eru tilvalin fyrir forvitna og engin spurning er of vitlaus. Viðfangsefni þessa erindis í „*Hvað er...?*“ er stýri-kerfi. Öll notum við stýrikerfi þegar við notum tölvuna, símann eða spjaldtölvuna okkar. En hvað er þetta stýrikerfi eiginlega og hver er munurinn á þeim? Er öruggt að nota gamalt stýrikerfi? Skiptir stýrikerfið máli þegar ég er að velja mér tölvu eða snjalltæki? Við munum leitast við að svara þessum spurningum í þessum fyrirlestri

Dagsetning: Þriðjudagur 30. nóvember.

Klukkan: 20:00-21:00.

Lengd: 1 klst.

Staður: Netviðburður – skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Hermann Jónsson hefur starfað í tölvubransanum í fjölda ára, m.a. sem framkvæmdar-stjóri hjá tölvuskólanum Isoft, tölvuskólanum NTV og sem fræðslustjóri Advania.

Ferilskrár

Hvað þarf að hafa í huga í starfsleit? Fjallað verður um ferilskrá, kynningarbréf og atvinnuviðtal. Hvort sem fólk ert að leita að vinnu eða er í hentugu starfi þá getur verið gott fyrir alla að halda utan um færni sína. Það er einmitt eitt af því sem felst í starfsleit, að átta sig á færni sinni og reynslu með því að skrá hana. Ferilskrá þarfnast uppfærslu reglulega og svo er líka skemmtilegt að sjá svart á hvítu hvað þú hefur verið að gera í gegnum tíðina og fá yfirlit yfir þá færni sem þú hefur öðlast á leiðinni.

Það getur verið bæði flókið og einfalt að gera ferilskrá. Á námskeiðinu verður fjallað um innihald og útlit góðrar ferilskrár. Hvað á heima í ferilskrá og hvað ekki? Hvert er markmiðið með ferilskrá? Hvaða reglur gilda um góðar ferilskrár? Leitast verður við að svara þessum spurningum og fleirum.

Einnig verður fjallað um kynningarbréf og hver tilgangur þeirra er auk þess sem við drepum aðeins á því sem er gott að hafa í huga í atvinnuviðtali og hvernig þetta tengist saman.

Námskeiðið getur nýst bæði þeim sem eiga ferilskrá og þeim sem eiga hana ekki hvort sem þeir eru í starfi eða ekki.

Dagsetningar: Fimmtudagur 2. desember

Klukkan: 19:00-21:00

Lengd: 2 klst

Staður: Netviðburður– skráðir þátttakendur fá senda krækju með aðgangi að námskeiðinu.

Leiðbeinandi: Helga Tryggvadóttir náms- og starfs-ráðgjafi. ■

Skýrsla um endurmat á störfum kvenna gerð opinber

Eftir Brján Jónasson

Lagt er til að aðgerðahópur stjórnvalda um launajafnrétti komi á fót þróunarverkefni um mat á virði starfa og þrói samningaleið um jafnlaunakröfur til að leiðrétta muninn. Þetta kemur fram í skýrslu starfshóps forsætisráðherra um endurmat á störfum kvenna sem lögð hefur verið fram til opin samráðs í Samráðsgátt stjórnvalda.

Kerfisbundið vanmat á störfum þar sem konur eru í meirihluta

Hópurinn var skipaður 1. desember 2020 í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga milli ríkis og sveitarfélaga og aðildarfélaga BSRB í mars 2020. Þar lýsti ríkisstjórnin því yfir að sett yrði af stað vinna við endurmat á störfum kvenna og starfshópi yrði falið að leggja fram tillögur

sem skýrir að miklu leyti þann launamun sem enn er til staðar, líkt og launarannsókn Hagstofu Íslands sem birt var 7. september sl. staðfestir.

Í launarannsókn Hagstofunnar kemur fram að atvinnutekjur kvenna árið 2019 voru um 75 prósent af atvinnutekjum karla. Sé tekið tillit til vinnutíma eru konur með um 86 prósent af launum karla, en þessi munur er skilgreindur sem óleiðréttur launamunur.

Leiðréttur launamunur sýnir mun á atvinnutekjum kvenna og karla með tilliti til vinnutíma, menntunar, starfs og atvinnugreinar. Þá fá konur rúmlega 95 prósent af launum karla. Það eru samt margir annmarkar á þessum mælikvarða því ekki er tekið tillit til persónubundinna eiginleika sem geta van- og ofmetið launamuninn, þá hækka konur síður í launum með aldri og starfsreynslu og að lokum fangar mælingin ekki ýmsa kynbundna

mismunun á vinnumarkaði eins og möguleika á stjórnunarstöðum og þess háttar.

Tillögur að aðgerðum

Í skýrslu starfshóps forsætisráðherra kemur fram að forsendan fyrir því að unnt sé að leiðrétta þennan mun sé sú að hægt sé að meta heildstætt virði ólíkra starfa. Til þess að styrkja framkvæmd jafnlaunamarkmiðs jafnréttislaganna eru lagðar fram eftirfarandi tillögur til aðgerða í skýrslunni:

Aðgerðahópur stjórnvalda um launajafnrétti með aðild aðila vinnumarkaðarins fái eftirfarandi hlutverk:

- Að koma á fót þróunarverkefni um mat á virði starfa með það að markmiði að skapa verkfæri sem tekur yfir jafnvirðisnálgun laganna. Verkfærin styðji við þau tæki sem þegar eru í notkun.

Þórdís Á. Arnfinnsdóttir, stuðningsfulltrúi.

að aðgerðum til að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði. Aðgerðirnar skyldu hafa að leiðarljósi að leiðrétta kerfisbundið vanmat á störfum þar sem konur eru í meirihluta. Í starfshópnum áttu sæti fulltrúar frá forsætisráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, félagsmálaráðuneyti, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og heildarsamtökum á vinnumarkaði.

Í skýrslunni kemur fram að dregið hafi úr launamun á undan- gengnum árum, meðal annars fyrir tilstuðlan aðgerða á borð við starfsmat hjá sveitarfélögunum og jafnlaunavottun. Þessi tæki duga hins vegar ekki til þess að leiðrétta launamun sem stafar af kynbundinni skiptingu vinnumarkaðar í störf og atvinnugreinar

- Að þróa samningaleið um jafnlaunakröfur með aðilum vinnumarkaðarins. Þar verði m.a. horft til þess hvaða áhrif breytingar á ráðningasamböndum og útvistun starfa hafa á launamun kynjanna.
- Að stuðla að þekkingaruppyggingu og vitundarvakningu.

Forsætisráðherra mun skipa aðgerðahóp um launajafnrétti og jafnrétti á vinnumarkaði í samræmi við framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2020-2023 og verður honum falið að fylgja skýrslu starfshópsins eftir. ■



Stjórn Bjargs íbúðafélags ásamt starfsmönnum kynntu sér uppbygginguna. Fv. Selma Unnsteinsdóttir verkefnastjóri hjá Bjargi, Þórarinn Eyfjörð formaður Sameykis, Garðar Hilmarsson fv. varaformaður Sameykis, Sonja Ýr Þorbergsdóttir formaður BSRB, Eyrún B. Valsdóttir skólastjóri Félagsmálaskóla alþýðu, Ása Jónsdóttir, gjaldkeri hjá ASÍ, Bjarni Þór Sigurðsson, Drífa Snædal forseti ASÍ, Hörður Guðbrandsson, Þorbjörn Guðmundsson stjórnarmaður, Flosi Eiríksson framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins, Þróstur Bjarnason verkefnastjóri hjá Bjargi og Ragnar Þór Ingólfsson formaður VR.

Ljósmynd/Axel Jón

Mikið uppbyggingarstarf hjá Bjargi íbúðafélagi

Eftir Axel Jón Ellenarson

Hjá Bjargi íbúðafélagi hefur verið mikið og gott uppbyggingarstarf síðan það var stofnað af ASÍ og BSRB árið 2016. Stjórn Bjargs fékk leiðsögn Björns Traustasonar framkvæmdastjóra félagsins ásamt starfsmönnum þess um byggingarsvæði félagsins í Reykjavík og á Selfossi í sumar og gerður var góður rómur að.

Falleg götmynd Hallgerðargötu

Byrjað var á að skoða fallegt og skemmtilegt verkefni við nýja götu í Laugarneshverfi, Hallgerðargötu, sem kennd er við sögupersónu Íslendingasagna Hallgerði langbrók sem bjó í Laugarnesi. Götumyndin er litrík eins og sögupersónan



Hallgerðargata í Laugarneshverfi.

sjálf. Gætt var að því að húsin væru umhverfisvæn og ódýr í bygginu en án þess að það kæmi niður á gæðum þeirra. Þau er að norrænni fyrirmynd og passa vel og passa vel við eldri húsin í hverfinu. Bjarg íbúðarfélag reisti 80 íbúðir í Hallgerðargötu við Kirkjusand í Laugarnesi, allt 2 til 5 herbergja íbúðir í tveggja hæða timburhúsum.



Tölvugerð loftmynd af Hallgerðargötu við Kirkjusand í Reykjavík.

Næst lá leið verkálýðsforystunnar inn í Voga þar sem félagið er að reisa á besta stað fyrir ofan smábátahöfnina Snarfara 74 íbúðir númer eitt við Bátavog sem er nafn við hæfi. Frá Bátavogi er útsýnið fallegt upp í gróinn Elliðaárdalinn til suðurs og út með sundunum bláu til vesturs. Áætlað er að fyrstu íbúðirnar verði afhentar á hausti komanda. Íbúðirnar eru af fjölbreyttum gerðum og stærðum. Allt frá stúdíóíbúðum upp í rúmgóðar 5 herbergja íbúðir. Allar íbúðirnar eru með góðum innréttingum og vel skipulagðar.



Gengið um í Bátavogi.



Bátavogur í Vogahverfi þar sem Bjarg er að reisa 74 íbúðir.

Silfurtjörn og Gæfutjörn

Því næst var haldið upp í Úlfarsárdal þar sem Bjarg byggir við Silfratjörn 82 leiguíbúðir á fögnum stað við Úlfarsfell og blasir fellið við þeim sem þar búa. Íbúðirnar eru stúdíóíbúðir, 2 herberja upp í 5 herberja íbúðir. Unga kynslóðin sem var að leik í góða veðrinu tók á móti verkálýðsforingjunum og benti þeim á hvar þau byggju og gaman væri að leika sér við Silfratjörn. Fleiri íbúðir við Gæfutjörn eru í byggingu og er áætlað að þær verði afhentar leigjendum í október.



Heiðarstekkur 1 á Selfossi er timburhús sem byggt er úr kubbaeiningum sem SG hús framleiðir.

Þá var ekið á Selfoss þar sem skoðað var timburhús við Heiðarstekk 1 sem er byggt úr svokölluðum kubbaeiningum sem framleiddar eru hjá SG húsum. Þar mun Bjarg bjóða 28 íbúðir til leigu og áætlað er að fyrstu íbúðirnar verði afhentar nú í júní og síðar október. ■



Formaður Bjargs íbúðafélags er Arni Stefán Jónsson fv. formaður Sameykis.

Bjarg íbúðafélag er rekið án hagnaðarmarkmiða og er ætlað að tryggja tekjulágum fjölskyldum á vinnumarkaði aðgengi að öruggu íbúðarhúsnæði í langtímaleigu. Um er að ræða svokölluð leiguheimili að norrænni fyrirmynd, „Almene boliger“. Leiðarljós félagsins er að veita leigutökum öruggt húsnæði til langs tíma, segir á heimasíðu þess.

Staðfesting á hæfni starfsfólks

Eftir: Lilju Rós Óskarsdóttur sérfræðings hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Sólborgu Öldu Pétursdóttur verkefnastjóra og náms- og starfsráðgjafa hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt

Á árunum 2020-2021 var unnið raunfærnimat á móti viðmiðum atvinnulífsins í nokkrum störfum með það að markmiði að þróa nýjar aðferðir og aðlaga hefðbundið raunfærnimatsferli að þörfum atvinnulífsins. Verkefnið var unnið af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Um tilraunaverkefni var að ræða, fólk á vinnumarkaði fór í gegnum matsferli – raunfærnimat þar sem hæfni þeirra til að sinna verkefnum starfs var metin. Í framhaldi af matinu fengu þau þjálfun byggða á niðurstöðum matsins. Þannig varð þjálfunin markvissari og þegar henni lauk var staðfest að þátttakendur uppfylltu allar hæfnikröfur starfsins. FA fékk símenntunar- og fræðslumiðstöðvar til að framkvæma raunfærnimatið á nokkrum vinnustöðum. Fræðsluatriði Starfsmennt hafði umsjón með framkvæmd raunfærnimats hjá hinu opinbera sem og þjálfun og fræðslu þátttakenda í kjölfar matsins.

Sérhæfur þjónustufulltrúi á þriðja þrepi

Vinnumálastofnun á Skagatrönd (VMST) og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun á Sauðárkróki (HMS) tóku þátt í verkefninu með Starfsmennt. Starfið sem var raunfærnimatið hjá stofnunum hefur oft gengið undir heitinu „fulltrúi“ og er um að ræða starf sem felur í sér nokkuð sérhæfða þjónustu hjá hinu opinbera án þess þó að krefjast tiltekinnar formlegrar menntunar.

Raunfærnimatið var á móti hæfnikröfum starfs sérhæfðs þjónustufulltrúa á þriðja þrepi hæfniramma um íslenska menntun (ISQF). Matstæki voru unnin í nánu samstarfi við sérfræðinga frá VMST og HMS sem þekkja best verkefni og áskoranir starfs sérhæfðs þjónustufulltrúa hjá opinberum stofnunum.

Fimmtán manns fengu fagbréf í júní

Í júní síðastliðnum lauk tilraunaverkefninu hjá VMST og HMS. Útskriftir fóru fram við hátíðlegar athafnir að viðstöddum fulltrúum stofnananna, Sameykis, Starfsmenntar og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Þau sem útskrifuðust fengu afhent fagbréf til staðfestingar á hæfni sinni. Hjá VMST útskrifuðust átta manns og sjö hjá HMS.

Vinnumálastofnun

Starf fulltrúa I hjá VMST er dæmi um starf sem er að hverfa í núverandi mynd með aukinni sjálfvirkni. Hjá VMST skapaðist einstaktækifæri til að tengja raunfærnimatið beint þeim breytingum sem eru að verða á störfum vegna tæknibreytinga. Líkt og fleiri fyrirtæki og stofnanir er VMST að taka í notkun nýtt tölvukerfi sem mun leysa af hólmi nokkur kerfi og um leið mörg verkefni sem áður voru í höndum starfsfólks. Samtímis verður meiri þörf fyrir sérhæft starfsfólk sem getur veitt viðskiptavinum margskonar ráðgjöf og sinnt úrlausn flóknari mála. Fulltrúastarfið er að hverfa í núverandi mynd og leggur stofnunin ríka áherslu á að bjóða starfsfólki sínu önnur störf og fá þá þjálfun sem til þarf.

Á útskriftinni kom fram hjá þátttakendum í raunfærnimatinu að í



Útskriftarnemendur. Frá vinstri: Ásgrímur S. Sigurbjörnsson, Unnur Sævarsdóttir, Hjördís J. Tóbiassdóttir, Hrönn Pétursdóttir, Lára Gréta Haraldsdóttir og Aníta Hlíf Jónasdóttir. Á myndina vantar Katrínu Gylfadóttur sem einnig var að útskrifast.



Þátttakendur ásamt matsaðilum, starfsþjálfum og fulltrúum frá HMS. Frá vinstri: Eva Dögg Bergþórsdóttir, Ásgrímur S. Sigurbjörnsson, Unnur Sævarsdóttir, Helga Fanney Salmannsdóttir, Hjördís J. Tóbiassdóttir, Hrönn Pétursdóttir, Sólborg S. Borgarsdóttir, Lára Gréta Haraldsdóttir, Aníta Hlíf Jónasdóttir, Aldís Hilmarsdóttir og Sóley Jónsdóttir. Á myndina vantar Katrínu Gylfadóttur sem einnig var að útskrifast.



Unnur Sævarsdóttir átti 20 ára starfsafmæli og sagði nokkur orð..

matsferlinu hefðu þau gert sér betur grein fyrir eigin getu. Þekking og færni starfsfólks á það til að vera lítið sýnileg bæði stjórnendum sem og starfsfólkinu sjálfu og raunfærnimat einmitt leið til að draga leynda hæfni upp á yfirborðið. Þátttakendurnir upplífu ferlið sem mikilvægt og spennandi því það varpaði skýrara ljósi á styrkleika þeirra, þekkingu og færni.



Sólborg S. Borgarsdóttir forstöðumaður þjónustuvera, matsaðili og starfsþjálfari, Eva Dögg Bergþórsdóttir sérfræðingur og „ytri“ matsaðili og Helga Fanney Salmannsdóttir sérfræðingur, matsaðili og starfsþjálfari.



Þátttakendur ásamt matsaðilum, starfsþjálfum og fulltrúum frá VMST. Þórunn Valdis Rúnarsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Aðalheiður Sif Árnadóttir, Eygló Kristín Gunnarsdóttir, Leó Örn Þorleifsson, Unnur Sverrisdóttir, Vilmar Pétursson, Kristín Birna Guðmundsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson og Inga Rós Sævarsdóttir. Á myndina vantar Hafrúnu Kjellberg og Herðísi Þórunni Jakobsdóttur sem einnig voru að útskrifast.



Jensína Lýðsdóttir og Þórunn Valdis Rúnarsdóttir matsaðilar og starfsþjálfar hjá VMST.

Við útskriftina sagði Vilmar Pétursson mannauðsstjóri: „Við vorum mjög snögg að ákveða að taka þátt í raunfærnimatsverkefninu því við vorum byrjuð í mikilli stafrænni umbyltingu. Enginn þáttur starfseminnar er undanskilinn og við vorum farin að velta fyrir okkur hvernig við ættum að bregðast við breytingunum.

Við vissum að fólkið á Skagaströnd hafði heilmikla þekkingu nú þegar til að takast á við ný verkefni og nýjan raunveruleika, en þetta gaf okkur tækifæri til að komast að því hvaða færni vantaði og hvað þyrfti að þjálfast. Ánægjulegt var hvað allir voru spenntir fyrir verkefninu.“

Þá kom Unnur Sverrisdóttir forstjóri VMST inn á það við útskriftina að í raun væri starfsfólk að víða að sér sérhæfðri þekkingu og færni í gegnum starfið sitt hjá VMST, þekkingu og færni sem fengist ekki annars staðar á vinnumarkaði. Stofnunin hefði þurft að takast á við mörg verkefni í Covid, oft og iðulega með afar skömmum fyrirvara og mætti segja að þetta hefði verið prófsteinn á seiglu og styrk starfsmanna.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

Miklar breytingar eru að verða á störfum í þjónustuverum HMS og sífellt er meiri þörf fyrir sérhæft starfsfólk sem getur veitt viðskiptavinum margskonar ráðgjöf og sinnt úrlausn flókinnna mála. Í tilraunaverkefninu var lögð áhersla á að greina hæfnikröfur starfsins eins og það er hjá HMS og byggja matslista á þeirri greiningu. Þátttakendur í raunfærnimatinu fengu færni sína metna og fengu

að matinu loknu þjálfun á vinnustað sem var sérsníðin að hverjum starfsmanni, auk námskeiða sem hentuðu hópnum með það að markmiði að allir næðu þeirri hæfni sem þarf til að inna starf sérhæfðs þjónustufulltrúa vel af hendi. Samhliða því að fá núverandi hæfni metna og staðfesta fékk starfsfólk tækifæri til að undirbúa sig fyrir flóknari verkefni sem hefur jákvæð áhrif á starfsþróun þeirra.

Sóley Jónsdóttir sérfræðingur á gæða- og mannauðssviði HMS sagði að þessi mikla þekking og færni þátttakenda væri nú stjórnendum HMS vel sýnileg í kjölfar raunfærnimatsins og sagðist hún vera sannfærð um að þátttökan í verkefninu nýttist bæði starfsstöðinni og þátttakendum vel í framtíðinni. Sigríður Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri FA sagði meðal annars að eitt af því mikilvægasta í færnipuppbyggingu

í atvinnulífinu væri að gera núverandi færni starfsfólks sýnilega því þannig yrði fræðsla og færnipuppbygging markvissari og kæmi bæði starfsfólki og atvinnulífinu til góða.

Þá kom Sólborg Alda Pétursdóttir verkefnastjóri hjá Starfsmennt inn á það við útskriftina að þátttakendur hefðu sýnt mikla seiglu í þessu verkefni þar sem aðstæður í Covid hefðu sett stórt strik í reikninginn. Hún þakkaði einnig fyrir hversu fagmannlega matsaðilar stóðu að öllu matsferlinu, en matsaðilar komu frá stofnuninni enda fáir aðrir sem hafa þá innsýn og þekkingu sem mat á starfinu krefst.

Unnur Sævarsdóttir átti tuttugu ára starfsafmæli þennan dag og var mjög vel við hæfi að hún fengi afhent fagbréf til staðfestingar á þeirri miklu hæfni sem starfið krefst. Hún sagði við tilefnið að það hefði verið mjög gaman að taka þátt í þessu verkefni. Þau væru nokkur sem hefðu unnið mjög lengi hjá HMS og það segði sína sögu um vinnustaðinn og full ástæða væri til að klappa fyrir honum. ■



Nýútskrifaðir heilbrigðisgagnafræðingar við útskrift í húsi BSRB.

Ljósmynd/Ragna Kemp Haraldsdóttir

Sjötíu útskrifast með diplóma í heilbrigðisgagnafræði frá HÍ

Eftir Jóhönnu Þórdórsdóttur

Haustið 2019 hófst ný námsbraut, heilbrigðisgagnafræði, innan Læknadeildar við Háskóla Íslands. Samhliða var starfsheitinu læknaaritari breytt í heilbrigðisgagnafræðingur.

Hafa sérþekkingur á meðhöndlun heilbrigðisgagna

Heilbrigðisgagnafræði er 90 ETCS eininga grunndiploma. Námið er hagnýtt, fræðilegt og starfstengt sem veitir réttindi til að starfa sem heilbrigðisgagnafræðingur. Heilbrigðisgagnafræðingar hafa sérþekkingu á meðhöndlun heilbrigðisgagna, gæðastöðlum og skilvirkni skráningar og lagaumhverfi heilbrigðisþjónustunnar. Þeir gegna lykilhlutverki í öflun, skráningu og vistun heilbrigðisgagna. Störf þeirra eru einkum á heilbrigðisstofnunum og eru mjög fjölbreytt.

Rúmlega 100 nemendur hófu námið haustið 2019. Þann 19. júní voru svo útskrifaðir 70 heilbrigðisgagnafræðingar. Haldin var hátíðleg móttaka í húsi BSRB þar sem formaður Félags heilbrigðisgagnafræðinga bauð gesti velkomna og

flutti ávarp. Þá ávarpaði Engilbert Sigurðsson, forseti læknaeildar HÍ, nýútskrifaða nema. Fór hann yfir leiðina sem var

“

Upprunalega starfsheitið, læknaaritari, var orðið úrelt og finna þurfti nýtt starfsheiti. Leitað var til nýorðasmiða, rithöfunda o.fl. hugmyndafólks.

“

Leitað var til nýorðasmiða, rit-
höfunda o.fl. hugmyndafólks.
Niðurstaðan varð „heilbrigðis-
gagnafræði“ sem einfaldlega
lýsir starfinu best, starfið er
innan heilbrigðisgeirans og
unnið er með gögn.

löng, við að koma náminu á háskólastig. Áður var námið
kennt við Heilbrigðisskólann við Ármúla, eða frá árinu 1987
og hét þá læknařitun.

Ný starfsheiti

Á þeim rúmu 20 árum sem liðin eru frá því að hafist var
handa við að koma náminu á háskólastig, hefur starfsum-
hverfið breyst gríðarlega, eða frá því að vera skráning með
ritvélum á pappír, yfir í að vera rafræn skráning í rafrænt
sjúkraskrárkerfi. Upprunalega starfsheitið, læknařitari,
var orðið úrelt og finna þurfti nýtt starfsheiti. Leitað var til
nýorðasmiða, rithöfunda o.fl. hugmyndafólks. Niðurstaðan
varð „heilbrigðisgagnafræði“ sem einfaldlega lýsir starfinu
best, starfið er innan heilbrigðisgeirans og unnið er með
gögn.

Gunnvör Karlsdóttir kennslustjóri námsins afhenti prófskír-
teini og veitti viðurkenningar fyrir námsárangur. Athöfnin
endaði svo á ljúfum tónum Maríu Ólafsdóttur söngkonu, en
hún var á meðal nýtskrifaðra heilbrigðisgagnafræðinga. ■

Einu sinni læknařitari, nú heilbrigðisgagnafræðingur



Rósa Mýrdal.

Heilbrigðisgagna-
fræðingar hafa
sérþekkingu á
meðhöndlun
heilbrigðisgagna,
gæðastöðl-
um, skilvirkni
skráningar og
lagaumhverfi
heilbrigðisþjón-
ustunnar. Störf

þeirra eru gott dæmi um starf sem
hefur þróast í tímans rás, og það
mikið, að nú hefur nýtt starfsheiti
tekið við, heilbrigðisgagnafræðingur.
Það má segja að starfið sé gott dæmi
um stafræna umbreytingu sem er að
eiga sér stað og er stundum talað
um sem fjórðu iðnbýltinguna, jafn-
vel undanfari þeirrar byltingar. Störf
heilbrigðisgagnafræðinga eru einkum
á heilbrigðisstofnunum og eru mjög
fjölbreytt.

Rósa Mýrdal starfar sem heilbrigðis-
gagnafræðingur við Heilbrigðisstofnun
Vesturlands á Akranesi. Hún hefur
unnið við stofnunina í rúm 40 ár, fyrst
sem læknařitari, þá deildarstjóri og
kerfisstjóri rafrænnar sjúkraskrár og
starfar í dag sem verkefnastjóri og
sér m.a. um úrvinnslu heilbrigðisupp-

lýsinga úr gagnagrunnum og ritstýrir
ársskýrslu stofnunarinnar.

Frá stofnun Félags íslenskra læknařitara
nú Félags heilbrigðisgagnafræðinga
árið 1970 hefur aðalbaráttumálið
verið menntamál stéttarinnar. Í yfir 20
ár hefur verið unnið að því að koma
náminu á háskólastig og fyrir tveimur
árum, haustið 2019, varð það loks að
veruleika.

„Núna er námið komið inn í HÍ og er
90 eininga diplómanám. Við vinnum
að því að þetta verði að fullu BA eða

BS nám. Heilbrigðisgagnafræðingar
gegna mikilvægu hlutverki fyrir heild-
stæða skráningu gagna. Við þurfum
að kóða allar greiningar rétt og sjá til
þess að hver og ein heilbrigðisstétt
skrái gögnin á samræmdan hátt inn í
kerfið. Þetta skiptir máli bæði vegna
öryggis sjúklinga og svo hægt sé að
afla tölulegra upplýsinga um starfsemi
heilbrigðisstofnana. Við horfum fram á
breytt landslag hvað varðar framboð á
heilbrigðisgagnafræðingum sem hefur
verið mikill skortur á hingað til.“ segir
Rósa. ■



Þjálfun stafrænnar hæfni mikilvæg



Í heimi þar sem tæknibreytingar eru örur verður þörfin á að fólk uppfæri tölvufærni sína og tæknilæsi sífellt fyrirferðar-meiri. Aðkallandi er að mæta fólki á vinnumarkaði hvað varðar færniþróun á þessu sviði. Í dag er tölvufærni og tæknilæsi, eða stafræn hæfni, einn af lykilhæfnipáttum sem einstaklingur þarf að búa yfir til að sýna fulla virkni á vinnumarkaði, í námi og í samfélaginu almennt.

Á haustönn verða haldin sex sjálfstæð námskeið sem hjálpa okkur að halda í við tæknibreytingar. Námskeiðin eru á vegum Fræðslusetursins Starfsmenntar og Framvegis miðstöðvar um símenntun sem setti saman námsskrá ásamt tækninámi.is.

Námskeiðin eru:

- Tæknifærni og tæknilæsi – Viltu skilja tæknina betur?
- Stýrikerfi – Viltu stilla tækin eftir þínum þörfum?
- Skýjalausnir – Hvernig virka þær?
- Sjálfvirkni og gervigreind – Viltu láta tæknina vinna fyrir þig?
- Öryggisvitund – Viltu skilja betur ógnir og öryggismál?
- Fjarvinna og fjarnám – Vertu enn betri í að nýta þér möguleikana!

Skráning á námskeiðin og nánari upplýsingar á vef Starfsmenntar. Námskeiðin eru félagsmönnum að kostnaðarlausu sem starfa hjá Akraneskaupstað, Ás styrktarfélagi, Dvalarheimilinu Höfða, Fríhöfn, HNLFI, Innheimtustofnun sveitarfélaga, Isavia, Klettabæ, Mátis, Rarik, Ríkisstofnunum, RÚV, Seltjarnarnesbæ, SFV, sjálfseignastofnunum, Skálartúni, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Vinakoti.

Þeir félagsmenn sem starfa hjá Faxaflóahöfnum, Félagsbústöðum, Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Strætó geta sótt um starfsmenntunarstyrk fyrir námskeiðunum, sjá nánar um útlutunarreglur á sameykis.is. Um áramótin næstu munu félagsmenn sem starfa hjá Reykjavíkurborg geta sótt námskeið hjá Fræðslusetrinu Starfsmennt sér að kostnaðarlausu, en þá tekur gildi bókun 5 í kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sameykis. ■

Dómsátt í máli gegn Reykjavíkurborg

Dómsátt var gerð í Félagsdómi í máli BSRB f.h. Sameykis um að Reykjavíkurborg sé skylt að greiða starfsfólki Sundlaugar Grafarvogs, félagsmönnum Sameykis sem voru á vakt um páskana 2020 laun í samræmi við vaktsskrá, þ.m.t. yfirvinnukaup samkvæmt gr. 2.3.2. og stórhátíðarkaup samkvæmt grein 1.4.2. fyrir vinnuframlag á sérstökum frídögum og stórhátíðardögum samanber kjarasamningi Sameykis við Reykjavíkurborg. Stefndi, Reykjavíkurborg, féllst á kröfur stefnanda.

Stefndi, Reykjavíkurborg, greiði stefnanda allan málskostnað. Því er lýst yfir í dómssáttinni að með staðfestingu sáttarinnar fyrir dómi að öllum ágreiningi málsaðila sé lokið.



Sameyki stéttarfélag í almannapjónustu er búið að vinna lengi að þessu máli og reyna að ná sáttum við Reykjavíkurborg

fyrir hönd sinna skjólstæðinga sem nú er til lykta leitt í Félagsdómi. ■

Styrktar- og sjúkrasjóðir

Ertu í líkamsrækt, sjúkrabjálfun, hjá sálfræðing eða þarftu að fá þér gleraugu? Kynntu þér möguleika á styrkjum vegna heilsufars og heilbrigðis.

Styrktar- og sjúkrasjóður Sameykis er fyrir þá sem starfa hjá ríkinu, Ás styrktarfélagi, Fríhöfn, Isavia, Klettabæ, Matís, Rarik, Ríkisstofnunum, RÚV, SÁÁ, SFV*, sjálfseignastofnunum**, Skálatúni og Vinakoti.

***SFV:** Ás hjúkrunarheimili, Eir, Grund, Hömrum, HNLÍ, Hrafnistu Hafnarfirði, Hrafnistu Kópavogi, Hrafnistu Reykjavík, Hrafnistu Hlévangi, Hrafnistu Nesvöllum, Mörk, Sjálfsbjargarheimilinu, Skjóli, Skógarbæ og Vigdísarholti (Sunnuhlíð).

****Sjálfseignarstofnanir:** Bændasamtök, Búnaðarsambönd, Dansmennt, Fjölmenningssetur, Fjöl-



mennt, Gigtarfélag, Heilsustofnun NLFÍ, Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastdæma, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins, Listaháskóli Íslands, MS félagið, Norræna húsið, Reykjalundur, Staðlaráð Íslands, Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra, Tækni-skólinn og Viðlagatrygging.

Styrktarsjóður BSRB er fyrir þá

sem starfa hjá Faxaflóahöfnum, Félagsbústöðum, Innheimtustofnun sveitarfélaga, Orkuveitu Reykjavíkur, Reykjavíkurborg, Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, Strætó, Sveitarfélagi Akraness og Sveitarfélagi Seltjarnarness.

Sótt er um alla styrki í gegnum Mínar síður. ■

LSR greiddi lífeyri fyrir alls 68,7 milljarða á síðasta ári

Á síðasta ársfundi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins kom fram hjá formanni stjórnar, Árna Stefáni Jónssyni, að hrein raunavöxtun sjóðsins var 10,9% á síðasta ári sem er nálægt því að vera tvöföldun á meðalavöxtun síðustu fimm, og síðustu tíu ára. Þetta sé raunin þrátt fyrir að hagvöxtur hafi dregist saman um 6,6 prósent á sama tíma, sem er næst mesti hagvaxtarsamdráttur í sögu Íslands.

Árni Stefán sagði m.a. á fundinum, að á umbrotatímum sem þessum sé mikilvægt að lykilstofnanir þjóðfélagsins standi ekki bara af sér áföllin, heldur taki virkan þátt í að halda samfélaginu gangandi.

„Óhætt er að segja að þar hafi LSR sinnt sínu hlutverki af stakri þrýði. Á síðasta ári greiddi sjóðurinn lífeyri til að meðaltali 27.093 einstaklinga – alls 68,7 ma.kr. á árinu – og það segir sig sjálft að slíkar greiðslur skipta verulegu máli fyrir þjóðarbúið þegar hagvöxtur snar minnkar,“ sagði Árni Stefán.



Árni Stefán Jónsson formaður stjórnar LSR.

Ábyrg fjárfestingastefna

Einnig kom fram í máli formannsins að LSR vinnur eftir þeirri stefnu að fjárfesta með ábyrgð og að sú áhersla muni aukast enn

frekar og verði tillit tekið til loftslagsmála og umhverfis í þeirri stefnu. Með þeim hætti væri verið að hugsa áratugi fram í tímann með hagsmuni sjóðsfélaga að leiðarljósi. Árni Stefán sagði að lágvaxtaumhverfi hafi leitt til þess að ríkisskuldabréf og aðrar fjárfestingar sem talist hafa öruggar síðustu áratuginna duga skammt til að standa við tryggingafræðilega viðmiðið um 3,5% raunavöxtun lífeyrissjóða.

„Því hefur vægi þeirra minnkað jafnt og þétt síðustu ár á meðan áhættumeiri fjárfestingar aukast. Þess vegna sé brýnt fyrir lífeyrissjóðina að fjárfesta í útlöndum til að dreifa áhættunni með fjölbreyttari fjárfestingarleiðum heldur en eru í boði hér á landi,“ sagði hann.

LSR er elsti og jafnframt stærsti lífeyrissjóður landsins í eignum talið en upphaf hans má rekja aftur til ársins 1919. ■



Lausnarorðið er **SPRÆK**

			1	4		5		
	6		9			7	1	
9			7	5		6	2	4
2			3			4		7
		5	8					1
	4			7				9
3	5	1		8		9	4	
		7	2	3	5			6
6				1				


Létt

3			6				4	
1				2	3		5	
	2				1			
			5					
						8	7	
9						1	3	
	6	9			2	3	8	4
							9	
			4	8				

Miðlungs

						3		
	2	7			9			
3			4			8	2	
	3		5	2		6		
					4			
7		6						1
5		9			7			6
6				9				
4			1					9

Erfið



Vinningshafi krossgátunnar



Vinningshafinn að þessu sinni er Egill Gylfason og sagði hann að móðir hans, Elín Soffía Ólafsdóttir, hafi hjálpað til við lausn krossgátunnar. Egill starfar á samþýlinu Sæbraut 2 hjá Sel-tjarnarnesbæ og er 26 ára. Hann hefur starfað í u.þ.b. eitt ár þar en vinnur nú í hlutastarfi með skóla. „Ég er mjög ánægður í vinnunni og finnst vinnustaðurinn skemmtilegur. Ég er að læra málalag í Myndlistaskóla Reykjavíkur, sem er tveggja ára diplómanám, og stefni á að fara til Bretlands í frekara listnám þegar ég lýk þessu námi,“ segir Egill. Hann ákvað að fá peninginn í stað helgardvalar í orlofshúsi Sameykis og sagði að það kæmi sér mjög vel að fá auka-pening með náminu.

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS • KROSSGATUR.GATUR.NET										
		TJÖRU-PAPPI	HINDRA		RÓMVERSK TALA	ÍÐRÓTT		SKRAPA	KK. NAFN	ÁRBÓK
		ORÐ-HELDNI				HVÍLAST				
		FRÁ		ÞOKA						
		ÓSVIKINN		MEST						
					ÁVÖXTUR					
					FÆÐA					
	KVK. NAFN					ÁGÆTIS	HAM-FLETTA			
							ALDRADI			
	VEL						1		RÍKIS	
	BÓK-STAFUR		FLOKKA					TVEIR EINS		
			FARDI							
ÆRINN	↓		VEIÐI	GUFU-HREINSA	2	FORMÓÐIR				SMÁ-MJAKA
				UPP		ÆTÍÐ				
					ATHYGLI	MJÖG			NÚMER	
						BAKTAL			FUGL	
SLÁ			VERNDARI				SÜREFNI			
ÞVEGIÐ			SÖT				SÖNG-HÆFUR			
				3	BÆN			ÞRÁ		
					ÁLITS			KRAFS		
		ÞÓ				EINA				STRIT
		ÁKÆRA				HALD				
MERKJA					KLIFUN		5	SAMTÖK		
					STÆLA			RAUS		
KLAKA			GRIP			HREIN-SKILIÐ				KRAKKA
JAFNVEL			HANDA			SKAMMT				
			SPERGILL				HEIÐUR			ÓSLITINN
			AFSPURN				MÓTMÆLI			
ENGI				AD BAKI				EYÐA		
				ÁVINNA				NÝJA		
STERKA					ÍLÁTI		4	TVEIR EINS		
					UMRÓT			TRÉ		
RÚMA		SKÁK				TIL DÆMIS		GAS-TEGUND		
		HORFÐI				TVEIR EINS				
				HAPP-DRÆTTI				STEYPU-EFNI		
KOMA						GAPA				

Verðlaunakrossgáta

Krossgátan er fastur liður í tímariti Sameykis, félagsmönnum vonandi til ánægju. Hægt er að senda inn réttar lausnir og dregið verður úr þeim sem berast fyrir síðasta móttökuðag, sem að þessu sinni er 15. nóvember næstkomandi. Verðlaunin eru val á milli peningaupp-hæðar (12.000 kr.) eða helgardvalar í orlofshúsum félagsins frá 15.

september til 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum. Nægilegt er að senda svarið ásamt nafni, kennitölu, heimilisfangi og símanúmeri til Sameykis, Grettisgötu 89, 105 Reykjavík. Vinsamlegast merkið umslagið „Krossgáta“. Einnig má senda svar á netfangið krossgata@sameyki.is



LÁTTU TÆKNINA ÞJÓNA ÞÉR

Ný námskeiðsröð, Tæknilæsi og tölvufærni – vinnumhverfi samtímans, sem auðveldar þér að halda í við tæknibreytingar fer í loftið á haustönn. Í dag er tölvufærni og tæknilæsi, eða stafræn hæfni, einn af lykilhæfnipáttum sem einstaklingur þarf að búa yfir til að sýna fulla virkni á vinnumarkaði, í námi og í samfélaginu. Því er aðkallandi að mæta fólki á vinnumarkaði hvað varðar færniþróun á þessu sviði.

Námskeiði í boði

Tæknifærni og tæknilæsi		Viltu skilja tæknina betur?
Stýrikerfi		Viltu stilla tækin eftir þínum þörfum?
Skýjalausnir		Hvernig virka þær?
Sjálfvirkni og gervigreind		Viltu láta tæknina vinna fyrir þig?
Öryggisvitund		Viltu skilja betur ógnir og öryggismál?
Fjarvinna og fjarnám		Vertu enn betri í að nýta þér möguleikana!

Skráning á námskeiðin og nánari upplýsingar má finna á vef Starfsmenntar, smennt.is

Námskeiðin eru á vegum Fræðslusetursins Starfsmenntar og Framvegis miðstöðvar um símenntun.

Starfsmennt miðar að því að vera leiðandi starfsmenntar- og ráðgjafamiðstöð og eftirsóknarverður samstarfsaðili í viðleitni opinberra stofnana til að efla fagmennsku og færni í starfi og í að skapa uppbyggilegt og hvetjandi vinnumhverfi.

Starfsmennt • Skipholt 50b • 105 Reykjavík • Sími: 550 0060 • Netfang: smennt@smennt.is • Vefang: smennt.is • Opnunartími skrifstofu er mánudaga til fimmtudaga 9-16 og föstudaga 9-15.